

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

DALURINN, BRENNNA, BREKKUSÖNGUR, LUNDI, VINÁTTA, PEYJAR, PÆJUR OG ALLT ANNAD



**JASON
BATEMAN**

**CHARLIE
DAY**

**JASON
SUDEIKIS**

**JENNIFER
ANISTON**

**COLIN
FARRELL**

**KEVIN
SPACEY**

**JAMIE
and
FOXX**

HORRIBLE BOSSES

NEW LINE CINEMA PRESENTS A RAT ENTERTAINMENT PRODUCTION "HORRIBLE BOSSES" JASON BATEMAN CHARLIE DAY JASON SUDEIKIS WITH JENNIFER ANISTON COLIN FARRELL KEVIN SPACEY DONALD SUTHERLAND AND JAMIE FOXX CASTING BY LISA BEACH AND SARAH KATZMAN COSTUME DESIGNER DANA SAND MUSIC BY CHRISTOPHER YOUNG PRODUCED BY JOHN TICKARD JOHN CHENG AND PETER TESCHNER PRODUCED BY SHEPHERD FRANKEL DIRECTED BY DAVID HENNINGSS PRODUCED BY TOBY EMMERICH RICHARD BRENER MICHAEL DISCO SAMUEL J. BROWN DIANA POKORNY WRITTEN BY MICHAEL MARKOWITZ SCREENPLAY BY MICHAEL MARKOWITZ AND JOHN FRANCIS DALEY & JONATHAN GOLDSTEIN PRODUCED BY BRETT RATNER JAY STERN DIRECTED BY SETH GORDON

NEW LINE CINEMA
SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

FRUMSÝND 27. JÚLÍ

SAMBÍÓIN

fyrst&fremst

HALLDÓR Í HENSON ER ALGJÖR REYNSLU-
BOLTI ÞEGAR KEMUR AÐ BÚNINGUM



Glimmerjakkar og fótboltatreypjur

Mynd/RAX

Það er ansi algeng sjón að sjá á hverju ári nokkra Þjóðhátíðargesti sem hafa klætt sig upp í búninga til að láta á sér bera á hátíðinni. **Halldór Einarsson** í **Henson** sagði **Monitor** frá hans kynnum af þessari búningatísku.

„Það er orðið gríðarlega langt síðan við byrjuðum að gera þessa búninga fyrir Þjóðhátíð, örugglega yfir þrjátíu ár síðan,“ segir Halldór Einarsson, betur þekktur sem Henson. Í fjölmörg ár hefur það verið vinsælt að heilu vinahóparnir herji til Vestmannaeyja á Þjóðhátíð í alls kyns göllum og búningum af öllum stærðum, litum og gerðum og lifir sá síður enn góðu lífi. „Það myndaðist bara einhver hefð fyrir því að vinahópar dressuðu sig upp og síðan setti ég í gang keppni á sínum tíma, sennilega í kringum 1990. Þá fór ég tíu ár í röð út í Eyjar seinni partinn á föstudeginum, afhenti verðlaunin og skilaði mér alltaf til baka til Reykjavíkur á laugardeginum, það klikkaði aldrei. Þetta var bara í ákveðinn tíma og svo tóku bara aðrir við þessu en þetta var alveg frábært.“ Halldór var sjálfur hátíðar-

ræðumaður á Þjóðhátíð fyrir nokkrum árum og segist vona að hann sé ekki búinn að fara á sína síðustu hátíð.

„Fólk leggur alltaf gífurlegan metnað í þetta og það eru mér mjög minnisstæðir búningar sem ég lét framleiða á hóp um árið sem kölluðu sig Þörupiltar. „Júniformið“ þeirra var eins og karakterinn á Macintosh-nammiðósunum eru á, svona lífvarðabúninga. Það var alveg skuggalega flott og ég hugsa að þetta hafi þá risið einna hæst, að minnsta kosti af þeim búningum sem ég hef komið nálægt.“

Grófr jakkar

Eins og aðrar tiskubylgjur hefur búningatískan á Þjóðhátíð hins vegar breyst með tíð og tíma samkvæmt Halldóri. „Í

seinni tíð hefur verið vinsælast að panta bara fótboltatreypjur, til dæmis með einhverjum áletrunum, ásamt ýmsum jökkum úr glimmerefnum. Þetta er rosa mikið glitter og glamúr í áberandi neonlitum. Það er mjög gaman af þessu, þetta er svona stemningsdæmi. Hins vegar voru textarnir sem voru settir á þessa jakka á tímabili orðnir svo svakalegir að Stígamót hefðu alveg misst sig. Mér finnst það þó hafa minnkað, það er meiri reisin yfir þessu núna.“

Ætlar þú að mæta í búning?

Feitast í blaðinu

Andrea Gylfa og Ragga Gísla kepptu í spurningakeppni um Eyjar og Þjóðhátíð. **>>8**

Bubbi Morthens fagnar aukinni fjölskyldustemningu á Þjóðhátíð. **>>14**

Sjáðu **gítargripin** við helstu söng löggin sem tilvalið er að taka í Dalnum. **>>17**

Páll Óskar skilur ekkert hvers vegna börn dýrka 41 árs homma. **>>19**

Svandís lofaði vini sínum að taka brjóstaderhúfuna með á Þjóðhátíð í ár. **>>34**

Efst í huga Monitor

La Dolce Vita

Þó svo að poppkóngurinn, Páll Óskar Hjálmtýsson, sé staddur í Ameríkunni þessa dagana þá var áhöfn Monitor-skútunnar sammála um að láta ekki Atlantshafið stöðva sig í að fá Palla til að prýða forsiðu Þjóðhátíðarblaðsins. Hann á jú hlut í skemmtilegum minningum hjá mörgum Þjóðhátíðargestum síðari ára og svo syngur hann auðvitað Þjóðhátíðarlagið í ár, La Dolce Vita.

Margir kunna að spyrja sig: „Bíddu, er ekki vika í Þjóðhátíð?“ Jú, það er hárrétt og því ekki seinna vænna að byrja að koma sér í girinn. Í blaðinu má finna gítargripin og textana sem þarf að hafa á hreinu og svo má heyrja skemmtilegar sögur frá fólki sem hefur farið ansi oft á Þjóðhátíð. Þá bregður Monitor líka á leik með mörgum þeim sem koma fram á hátíðinni.

Við vinnslu blaðsins spurði Monitor marga hressa einstaklinga hvað það væri sem gerði hátíðina svona einstaka. Flestir voru sammála um að það sé vináttan. Monitor getur kvittað undir það því í flestum tilvikum ríkir í Dalnum mikil hamingja og fólk er tilbúið að hjálpa hvert öðru og skemmta sér með fólki á öllum aldri. Heimamenn komast líka í alveg ótrúlega gott skap og þeirra heimili verður heimili allra gesta.

Monitor vill óska öllum sem mætla til Vestmannaeyja þetta árið góðrar skemmtunar en biður alla að klæða sig eftir veðri, ganga hægt um gleðinnar dyr og passa upp á náungann. Vonandi getið þið lagt heilan helling inn á minningabankann.

Monitor át.

Vertu með leitarforrit að símanum þínum í Eyjum



Síminn

Eyjamenntu eru gull af mönnum

Steinda Jr. rámar eitthvað í að hafa kíkt í Dalinn.

Þar hefur hann ekki upplifað mikla rómantik enda finnst honum svæðið hálfgerð „war zone“.



STEINDI Í UPPÁHALDSBOLNUM SÍNUM

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Þjóðhátíð í Eyjum?

Stórir hattar, regnstakkur, gítar með slitnum strengjum, krumpaður Thule og botnlaust tjald.

Hefur þú farið oft á Þjóðhátíð í Eyjum?

Ekki svo ég muni.

Kíktir þú í hvítt tjald? Ef já, áttu skemmtilega sögu af því?

Ég hitti fjölskyldu frá Akranesi sem bauð mér í heimsókn í tjaldið sitt, þar var boðið upp á heitt kakó með viski úti og túnfisksamlökur. Ég eyddi allri helginni með þeim, ég var týndi sonurinn þeirra.

Hver er rómantíkasta stundin sem þú hefur upplifað í Dalnum?

Það er ekkert rómantískt í Dalnum, ekkert! Dalurinn er „war zone“ og ef þú dettur þá er ekkert víst að þú standir aftur upp.

Áttu einhverja góða sögu frá Eyjum?

Ég sá strák sem var að dansa missa sigarettu ofan í ælu, hann leit í kringum sig, þurrkaði af henni og fékk sér smök. Svo splæsti hann í sláttuvélina og dansgólfið tæmdist.

Gætir þú hugsað þér að búa í Eyjum?

Já, já. Eyjamenn eru gull af mönnum, ég held að það að alast upp í dreifbýli yti undir sérkenni

manna. Ég held að það sé ástæðan fyrir því hversu góðir Eyjamenn eru.

Hvort heldur þú að það finnst fleiri geðveikt finir gaurar eða peyjar sem eru gull af mönnum í Dalnum?

Klárlega bæði, það verður endalaust af góðu liði þarna. Annars hugsa ég að flagarar verði mest áberandi í ár.

Hvað finnst þér um Herjólf?

Ég hef eiginlega enga skoðun á Herjólf, enda er hann bara bátur.

Hvað finnst þér um Brekkusönginn?

Árni Johnsen er algjör fagmaður. Hann minnir mig stundum á mörgæsamanninn í Batman Returns, ef hann væri með lengra nef, skalla, mjög hvítur og með fit. Það væri æðislegt ef Árni væri mörgæsamaður, en hann er toppn-áungi!

Við hverju má búast frá þér á hátúðinni í ár?

Við erum að spila á laugardagskvöldinu, þetta verður tryllt! Við ætlum að taka nánast öll lögin okkar, við lofum góðri stemningu.

Flugvél, rella eða skip? Gúmmibátur eða loftbelgur?

Klárlega loftbelgur, en ég læt Herjólfinn duga í ár.

Étinn af peyjum í Eyjum?

Ari Eldjárn hefur aldrei komið á Þjóðhátíð en er lítið stressaður fyrir að koma þar fram í fyrsta sinn. Hann væri meira en til í að fylla í skarðið fyrir Bubba ef kóngurinn skyldi forfallast.

Nú hefur þú aldrei komið á Þjóðhátíð, hvernig stendur á því?

Ég hef bara tvisvar komið til Vestmannaeyja og fyrsta skiptið var um jólin í fyrra. Kostirnir við að koma svona gamall í fyrsta sinn er að maður hélt að maður vissi nokkurn veginn hvernig allt er á Íslandi. Svo kemur maður í eitthvað samfélag sem er næstum því eins og annað land. Það eina sem vantar er að þeir hafi sinn eigin gjaldmiðil með myndum af lundum og Herjólf.

Hvað ertu þá vanur að gera um Verslunarmannahelgina?

Það hljómar kannski asnalega en ég hef alltaf verið í Reykjavík um þessa helgi og ekki gert neitt. Mig langar samt geðveikt að vera einhver kempa sem hefur farið á allar hátíðarnar og kann að spila Nýdönsk á kassagítar. Með límmiða frá öllum hátíðunum á gítaröskunni.

Hvað er það fyrsta sem þú hugsar þegar þú heyrir minnst á Þjóðhátíð?

Með allt á hreinu. Þegar Út í Eyjum er að klárast og það er klippt á Brennuna og Egill og Ragga sjást deila flösku í forgrunni. Svakalega flott atriði.

Hvað veistu um Vestmannaeyjar?

Eitt og annað. Mest megnis eitthvað sem ég sá í Nýju lífi en ég kann þá mynd utan að. Ég man að æskuvinur minn bjó í Eyjum og þegar hann heimsótti mig í Vesturbæinn talaði hann allt öðruvísi en ég og vinir mínir. Það sem okkur fannst vera: „ýkt kúl“ fannst honum vera: „öfga gæjalegt“. Hann var líka alltaf að tala um „peyja“ sem við héldum að væri fuglategund. Það var mikill léttir þegar sá misskilningur var leiðréttur og maður sá allar sögurnar hans í nýju ljósi. „Ég hélt partí um daginn. Drakk með nokkrum peyjum.“

Við hverju býstu á Þjóðhátíð? Ertu stressaður?

Mér skilst að þetta verði meira en 15.000 manns en ég held ég hafi mest skemmt 1500 manns í einu þannig

þetta er 1000% aukning á áhorfendum fyrir mig. Ég er merkilegt nokk ekkert stressaður, hef aðallega áhyggjur af því að það komi hellidamba eða eldgos.

Áttu von á einhverjum skotum frá hinum listamönnum fyrir að vera nýliði á Þjóðhátíð?

Ætli það yrði þá ekki að vera skot frá öðrum grínurum? Laddi og Þorsteinn Guðmundsson eru pottþétt að gera grín að mér núna fyrir að vera að gera þetta í fyrsta sinn. „Haha, peyjarnir eiga eftir að éta hann eins og lunda.“

Hefur þú smakkað lunda?

Já, en það var reyndar í Stykkishólmi. Í Vestmannaeyjum fékk ég hins vegar besta grillaða humar sem ég hef smakkað, á 900 Grill. Suddalegir bitar.

Ætlar þú að gista í Eyjum? Ef já, gistir þú í tjaldi?

Já, ég gisti eina nótt á hóteli og rýk svo í bæinn. Ég get ekki gist í tjaldi, það er svo lélegt netsamband í þeim.

Hvernig muntu ferðast til Eyja?

Með flugvél. Herjólfur til vara. Ef hvort tveggja klikkar leigi ég hvalaskoðunarbat hjá Eldingu.

Þinn maður Bubbi Morthens treður upp á sunnudagskvöldinu. Ef hann veikist skyndilega, gætir þú hugsað þér að koma í hans stað í dulargervi hans?

Fokk já! Ég myndi þá troða upp sem Bubbi eins og hann var þegar í mynd með Egó kom út. Hanakambur, sólgleraugu og leðurjakkki. Taka lög eins og Mescalín og í spegli Helgu. Syndu svo í land eins og Steindi Jr.



ÖFGA GÆJALEGUR



SKEMMTUM OKKUR SAMAN Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

N1 óskar viðskiptavinum sínum, Eyjamönnum og öðrum gestum góðrar skemmtunar á Þjóðhátíð í Eyjum - hvernig sem viðrar! Við minnum líka á að það er sniðugt að gefa sér tíma til að koma við í glæsilegum veitingaskála okkar á Hvolsvelli á leiðinni til Landeyjahafnar. Sjáumst á skemmtilegustu og fjölmennustu útihátíð ársins!

ÞJÓÐHÁTÍÐ
MIDAVERÐ Í FORSÖLU
14.900 KR.
Náðu þér í miða á Þjóðhátíð í forsölu á þjónustustöðvum N1 um allt land allt fyrir 26. júlí.

TUBORG **pepsi MAXO** **Síminn**

Meira í leiðinni

N1

HÚKKARABALLIÐ

Kíktu á húkkarann á fimmtudagskvöldinu ef þú ert á lausu og sjáðu hvort það bití ekki á.

**MÆTTU TÍMANLEGA Í DALINN**

Ekki missa af öllum þeim frábæru listamönnum sem troða munu upp af því að þú gleymdir þér í tjaldinu. Fyrsta kvöldið þarf líka að næla sér í armbandíð í skiptum fyrir miðann en það gæti tekið tíma ef röðin er löng.

**HVÍTU TJÖLDIN**

Kíktu í hvítu tjöldin til heimafólksins og upplífðu hina einu sönnu Þjóðhátíðarstemningu. Ef þú ert heppinn hittir þú á frábært gítarpartý, en þá er líka skilyrði að syngja með.



Það sem þú verður að gera

Ekki láta augnablikið framhjá þér fara og nýttu þessa dýrmætu daga vel. Það gæti verið að tækifærin gefist hvergi annars staðar í veröldinni.

SMAKKAÐU LUNDA

Allir verða að smakka lunda, hvort sem það er í veitingatjaldinu eða í hvítu tjöldunum. Ljúffengur er hann og svo meyr!

**SLEPPTU ÞÉR**

Taktu undir í Brekkusöngnum og syngdu svo með af öllum sálarkróftum þegar dansinn dunar á kvöldin.

**HÁPUNKTARNIR**

Ekki missa af Brekkusöngnum, Brennunni á Fjósakletti og Flugeldasýningunni. Þú sær eftir því að missa af bleiku stemningunni!

**KOSSINN**

Vertu opin/n fyrir rómantíkinni sem ríkir og stefndu á heitan koss, hvort sem það er við ástina þína eða ókunnugan elskhuga. Ekkert slær við kossi á meðan blysin loga á lokakvöldi Þjóðhátíðar!

**GAKKTU Á HEIMAKLETT**

Þó aðeins í allsgáðu ástandi. Fjallið er það hæsta í Eyjum eða 283 metrar á hæð. Hresstu þig við yfir daginn með því að koma blóðinu á hreyfingu og anda djúpt að þér fersku súrefninu.

VINGASTU VIÐ ÓKUNNUGA

Það finnst ekki betri staður til að bæta við í vinasafnið því í Herjólfsdalnum eru allir vinir.



Vertu með vasaljós á Þjóðhátíð í Eyjum



til að sækja



Síminn

Taktu stökkið með Canon EOS

Canon

Ef þér finnst gaman að taka myndir eða vídeó til að sýna vinum eða til að setja á Facebook þá eru Canon EOS 1100D og EOS 600D frábærir valkostir enda taka þær hágæða ljósmyndir og magnað Full HD vídeó.

Prófaðu Canon EOS hjá viðurkenndum söluaðilum Nýherja, umboðsaðila Canon á Íslandi. Tveggja ára ábyrgð. Kennslubókin Stafræn Ljósmyndun á Canon EOS fylgir með ákveðnum EOS myndavélum.



Vertu vinur Canon á Íslandi á Facebook.
Canon EF linsur til leigu á Tækjaleigu Sense.

Canon

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

Reykjavík Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Sense Center, Kringlunni - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedro-myndir - Byko / Húsavík Bókaverslun Pórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hranarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Framköllunarþjónustan - Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is / ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Ragga Gísla VS. Andrea Gylfa

Andrea Gylfadóttir og Ragnhildur Gísladóttir eru þaulvanir Eyjafarar. Í ár troða þær báðar upp á sunnudagskvöldinu ásamt stuðbandinu Buff á Brekkusviðinu.

HVAÐ VITA ÞÆR UM EYJAR?

1. HVENÆR VAR ÞJÓÐHÁTIÐ FYRST HALDIN Í VESTMANNAEYJUM?
2. HVAD HEITIR BÆJARSTJÓRI VESTMANNAEYJABÆJAR?
3. HVER SYNGUR ÞJÓÐHÁTIÐARLAGIÐ Í ÁR?
4. FRÁ HVADA HÖFN SIGLIR HERJÓLFUR TIL VESTMANNAEYJA?
5. HVAD HEITIR DANSLEIKURINN SEM HALDINN ER Á FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ FYRIR ÞJÓÐHÁTIÐ?
6. HVAD HEITIR HEIMAVÖLLUR ÍBV?
7. HVADA ÁR VAR HIÐ MIKLA ELDGOS Í HEIMAEY?
8. HVAD HEITIR FORMAÐUR ÞJÓÐHÁTIÐARNEFNDAR?
9. HVER SÖNG „LÍFIÐ ER YNDISLEGT“?
10. HVADA ÁR TRÓÐU STUÐMENN UPP Á ÞJÓÐHÁTIÐ OG TÓKU UPP MEÐ ALLT Á HREINU UM LEIÐ?
11. HVADA HLJÓMSVEIT STEIG Á STOKK Á HÚKKARABALLINU ÁRIÐ 1992 ÁSAMT SÁLINI HANS JÓNS MÍNS?
12. ÁRIÐ 2003 KOMST ÁRNI JOHNSEN EKKI Í BREKKUSÖNGINN FRÆGA. HVERJUM VAR ÞÁ FALIÐ AÐ FYLLO SKARÐ HANS?

Ragnhildur Gísladóttir

1. Ég ætla bara að skjóta á 1915.
2. Heitir hann ekki Reynir?
3. Meistari Páll Óskar Hjálmtýsson. **RÉTT**
4. Landeyjahöfn. **RÉTT**
5. Þetta er svona „deit-kvöldið“. Fólki er að pikka sér deitið sem það ætlar að vera með um helgina. Þetta er Húkkaraballið. **RÉTT**
6. Þórsvöllur.
7. Bíddu við, ég giska á 1971. Nei, 1972.
8. Hann heitir Páll, Palli Scheving. **RÉTT**
9. Það var Hreimur. **RÉTT**
10. 1982, eða það er ég ansi viss um. **RÉTT**
11. Getur verið að það hafi verið Stuðmenn? Annars hef ég ekki hugmynd.
12. Það var Vestmannaeyingur og stjórnmalamaður, meistari Marshall. **RÉTT**

7 STIG

Andrea Gylfadóttir

1. 1874, þegar þeir komust ekki upp á land þegar verið var að fagna 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. **RÉTT**
2. Elliði Vignisson. **RÉTT**
3. Páll Óskar. **RÉTT**
4. Landeyjahöfn. **RÉTT**
5. Það er Húkkaraballið fræga. **RÉTT**
6. Ég bara veit það ekki.
7. Það var 1973. **RÉTT**
8. Ég veit það reyndar ekki.
9. Hreimur átti það lag. **RÉTT**
10. Ég skýt bara á 1986.
11. Var það ekki Todmobile? **RÉTT**
12. Það var þingmaður, hann Róbert Marshall. **RÉTT**

9 STIG



Nú styttest
í Þjóðhátíð
í Eyjum!

Andrea sigraði Rögggu með 2 stigum.

Rétt svör:

1. 1874. 2. Elliði Vignisson. 3. Páll Óskar. 4. Landeyjahöfn. 5. Húkkaraballið. 6. Hásteinsvöllur. 7. 1973. 8. Páll Scheving. 9. Hreimur Örn Heimisson. 10. 1982. 11. Todmobile. 12. Róbert Marshall.


Mynd/Steinn Vignir



**DÜNDRANDI
GOTT SNAKIK!**

Þjóðhátíðarkortið

Ekki villast í gleðinni. Leggðu þetta kort á minnið og þá stígur þú ekki feilspor.



Heimaey

Íbúar: 4.135 (2010)
Heimaey er eina byggða eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og er 12. stærsta bæjarfélag landsins.

Flatarmál: 13,4 km²

■ **Vestmannaeyjar** heita eftir írskum og skoskum þrælum (vestmönnum) sem **Ingólfur Arnarson** elti til eyjanna og drap, eftir að þeir höfðu orðið **Hjörleif** fóstbróður hans að bana.

■ **Herjólfssdalur** heitir í höfuðið á **Herjólf** Bárðarsyni, fyrsta landnámsmanninum í Vestmannaeyjum, en bær hans stóð í dalnum. Fyrstu merki um byggð í dalnum eru frá því snemma á 9. öld.

■ **23. janúar 1973** hófst eldgos í Heimaey og eyðilagði og/eða skemmdi um 60% af öllum húsum í bænum. Um þriðjungur allra húsa fór undir hraun. Íbúarnir (þá 5.273 talsins) voru nær allir fluttir upp á land og sneru flestir aftur heim að gosi loknu. Nýja hraunið þekur alls 3,3 km² og í gosinu stækkaði eyjan um 2,2 km².

Möst að vita:

- 1 Herjólfur**
Hér stíga þeir sjóhraustu fyrstu skrefin inn í gleðina.
- 2 Vestmannaeyjaflugvöllur**
Hér hefst ævintýrið hjá þeim sem velja skjótari leiðina.
- 3 Herjólfssdalur**
Undir stjörnusalnum, inni Herjólfssdalnum!
- 4 Tjaldstæði ÍBV**
Fyrir þá sem ekki eru tilbúnir í að gista í dalnum.
- 5 Sundhöllin**
Staðurinn til að sýna sig og sjá aðra og gera sig finan fyrir kvöldið.
- 6 Vínbúðin**
Hér nærðu í „safann“.
- 7 Vöruval, matvöruverslun**
Hér kaupir þú gott á grillið.
- 8 900 Grillhús, veitingahús**
Ef menn vilja gera vel við sig!
- 9 Eyjavík, verslun**
Ef rignir reddarðu stígvélunum hér!
- 10 Golfvöllur Vestmannaeyja**
Sumir verða að halda sveiflunni við.
- 11 Lögreglustöðin**
Ef þú lendir í veseni.



Mín skoðun



Brjóttu upp daginn með KitKat

Allir eru að fá sér niðr'í dal

Það er alltaf stemning fyrir góðum sönglögum úti í Eyjum. **Monitor** fékk **Friðrik Dór** og **BlazRoca** til að taka texta eftir þá sjálfa og breyta þeim í Þjóðhátíðartexta sem verða án efa sungnir villt og galið á Þjóðhátíð.

Held að þessi breytti texti fangi Þjóðhátíðarandann betur en nokkur hefur áður gert.

Niðr'í dal

(SYNGIST VIÐ „TIL Í ALLT“)
BREYTTUR TEXTI: FRIÐRIK DÓR
LAG: STOPWAITGO

Þegar dag gerir kvöld,
þegar kvöld gerir nótt,
Hvort sem glasið er fullt
eða glasið er tómt,
Þá er ég! (Niðr'í dal)
Þá er ég! (Niðr'í dal)
Niðr'í dal, niðr'í dal,
niðr'í dal, niðr'í dal.
Niðr'í dal, niðr'í dal,
niðr'í dal, niðr'í dal.
Ooooo
Ooooo
Ooooo
Ooooo

Tjalda tjaldi,
Von'ða haldi,
Ég er niðr'í dal!

Finna glas,
klára það
Ég er niðr'í dal

Í dalinn skunda,
fá mér lunda
Ég er niðr'í dal

Til í allt,
til í allt,
ertu niðr'í dal?

Taka mynd
af mér blind
Ég er niðr'í dal

Far'í sleik
mikið meik,
Ég er niðr'í dal

Vitlaust tjald,
sofna þar.
Ég er niðr'í dal

Til í allt,
til í allt,
ertu niðr'í dal?

Því í dalnum er gott að vera,
vilji maður leggja æðaberan.
Þessi dalur geymir margar sögur
prinsessan er ekki alltaf fógur.
Upp í brekku er nóg af liði
og prósentum í alls kyns miði.
Sumir ætla vera með drama.
Niðr'í dal svo mér er sama.

(Viðlag)

Partýsjúta
nokkra kúta.
Ég er niðr'í dal

Hauslaus,
buxnalaus.
Ég er niðr'í dal

Tjögga ógeð,
skil'í klósett
Ég er niðr'í dal

Til í allt,
til í allt
ertu niðr'í dal?

Sulla drykk
yfir chicks,
Ég er niðr'í dal

Fá mér GT með TG
Ég er niðr'í dal

Þynn'æn blað
næsta dag
ertu niðr'í dal?

Því kvöldið er rétt að byrja,
bara framkvæma ekki spyrja.
Því í nótt ætlum við að mála
Dalinn rauðann og skála!
Þjóðhátíð er svo góð að ég tárast,
vild'hún þyrfti aldrei að klárast!
Ég legg undir allt sem ég á
og afleiðingarnar eru seinni tíma vandamál!

(Viðlag)

Saaaæll Árni
Róleguur Árni
Syngd'essi lög Árni

Ég þol'ekki þegar fólk er
ekki með smokk á þjóðhátíð!
Kann það ekki að fokkin djamma?!

Til í tjaldhæla
Til í að æla
Ég skal stage dæva
ÉG ER NIÐR'Í DAAAAAL!!!

Að öðrum ólöstuðum,
þá er Allir eru að fá
sér besta Þjóðhátíðarlag ever.

Allir eru að fá sér „Heimaeyjarplaya-style“

(SYNGIST VIÐ „ALLIR ERU AÐ FÁ SÉR“)
BREYTTUR TEXTI: ERPUR

Herjólfur er strandaður
 Svo allir synda til Eyja, „Eyjaaaa!“
 Herjólfur er strandaður
 Svo allir synda til Eyja, „Eyjaaaa!“

Djöfull ertu tekin í framan,
 Kannski vegna þess að ég er að taka þig í framan
 Speedy Gonzalez því ég þarf að fara
 Að redda Havana og fá mér annan

Með ÍBV í glasi og í glasinu H.C.
 Sigtíð borgar brúsann, því hún er í H.R.
 Heim í tjaldíð? Ha? Ertu frá þér?
 Menntu hér að fá sér með Hirti Howser

Láttu sopann ganga, ekki ganga framhá mér
 Allir alltof halaðir til að slást hér
 Sigmund og Siggí Majónes finna á sér
 Og menn leggja æðaberan á fés

Ég elska alla mínar pysjur og peyja
 Vil þjóðnýta kvótann en við tölum um það seinna
 Því þurfum að klára eina
 Heimaeyja-seigla og við drekkum bara eitthvað

Herjólfur er frá, því hann klessti á

*(Hljóðklippa úr fréttainnskotinu af RÚV
 um að Herjólfur hafi verið nokkrum mætrum
 frá því að klessa á grjótagarð Landeyjarhafnar.)*

Enginn 5 daga helgi, það fer engin í bráð
 fukk 5 daga helgi, menn fá sér stanslaust í ár!

(Viðlag: Allir eru að fá sér)

Þetta er klárlega kláravín og menn klára
 drekkum gambra og étum máfa
 Fékk mér með Hrekkjalómáfélaginu áðan
 Meðan þeir helltu súpu í gítarinn hans Árna

Það er eitthvað bull á sviðinu
 en það er enginn að hlusta
 hér reykja menn ekkert nema lunda
 og ég á ekki eld, bara bursta

Með sniðuga hatta í gúmmímussum
 syngjum falskt og við frussum,
 ógeðslegir, en við höldum að við vöðum í tussum
 fokka, bæjarstjórnin er ekki einu sinni í buxum

Blaz, Hermann Hreiðars og Bjartmar G
 Er ástæðan fyrir því að menn fara ekki fet
 Og svo er Herjólfur sokkinn, en ég fæ blöndu á slikk
 ég er með frænku og drykk, svo ég er ekki að fara sjött!

(Viðlag: Allir eru að fá sér)

Vertu með fyrstu hjálp
í símanum þínum
á Þjóðhátíð í Eyjum

Skannaðu hérna

Barcode Scanner

til að sækja

Síminn

Þjófstartar Brekkusöngnum

Bubbi Morthens kemur fram í Eyjum rétt á undan Brekkusöngnum.

Hann hefur á undanförmum árum fylgst með Þjóðhátíð
þróast í átt að meiri tónleika- og fjölskylduhátíð en áður fyrr.

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Þjóðhátíð í Eyjum?

Það er auðvitað bara massi af fólki í fyrsta lagi, númer tvö er græni liturinn í brekkunni og númer þrjú er tíu þúsund manns að syngja Rómeó og Júlíu.

Var græni liturinn þér innblástur fyrir lagið Eyjan græna, Þjóðhátíðarlagið 2009?

Já, ef menn hafa verið úti í úteyjunum og uppi á Heimakletti þá er rosalega djúprænn litur á Vestmannaeyjum almennt. Meira að segja að vetri til helst liturinn furðuvel. Þessi græni litur tekur mann alveg strax þegar maður sér hann.

Hefur þú einhvern tímann farið á Þjóðhátíð í Eyjum án þess að vera að troða þar upp?

Já, ég fór á fyrstu hátíðina eftir gos, hún var haldin í landi (hlær). Þá var ég bara að drekka og slást.

Hvað finnst þér skemmtilegast við hátíðina?

Það eru náttúrulega þessi atriði sem ég taldi upp fyrr. Svo finnst mér skemmtilegt hvernig áherslan er að færast meira yfir á fjölskylduna. Framan af kvöldi eru foreldrar og börn saman og það er dálítið öðruvísi stemning en var. Mér þykir vænt um það. Mér finnst síðan drykkjumynstrið hafa breyst. Það var miklu rosalegra fyrir svona fimmtán, tuttugu árum. Mér finnst ekki sama geðveikin í gangi.

Þjóðhátíð í Eyjum hefur sem sagt breyst mikið frá því að þú tróðst þar upp fyrst?

Já, mér finnst það. Mér finnst ekki eins mikið af svona rosalega harðri drykkju. Ég veit ekki hvort ég upplifði það þannig vegna þess að ég er búinn að vera edrú í fjölda ára eða ekki, en það er allt einhvern veginn rólegra sem er hið besta mál. Svo er þetta að þróast meira og meira í tónleikastemningu frekar en sveitaball.

Í ár treður þú upp rétt á undan Brekkusöngnum. Hvernig er það?

Þetta er alveg eins og fyrri ár. Það má segja að ég kannski þjófstarti Brekkusöngnum þínu. Ég er með þannig prógram að fólk syngur meira eða minna löginn með mér.

Við hverju má búast frá þér þetta sunnudagskvöld?

Fólk má búast við þessa klassíska, allt frá Stáli og hnífi yfir í Svartan Afgan.


Verður þú aldrei þreyttur á því að taka þessi lög?

Það er ekki hægt þegar þetta er orðið þannig að þú slærð fyrstu tónana og það verður allt vitlaust og allir fara að syngja. Þá hugsar maður bara með þakklæti í hjarta: Vá, hvílik forréttindi.

Mynd/Emir



Nú stýttist í Þjóðhátíð í Eyjum!



BUBBI MEÐ ÞJÓÐHÁTÍÐAR-TILHLÖKKUN Í AUGUM



25% afsláttur
af öllum vespum og aukahlutum

Örfá hjól eftir

Betra verð en á Ítalíu
Einstakt tækifæri

**Ekta Vespa fæst
aðeins hjá Heklu!**

Piaggio Vespa S 125, verð aðeins: ~~629.000 kr.~~ **471.750 kr.**

Piaggio Vespa LX 125, verð aðeins: ~~599.000 kr.~~ **449.250 kr.**

Piaggio Vespa LXV 125 - Afmælisútgáfa, verð: ~~689.000 kr.~~ **516.750 kr.**

Vespa

www.vespur.is

Sumarútsala

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Skál.



ÞJÖÐHÁTIÐIS

PÁLL ÓSKAR | BUBBI MORTHENS
DIKTÁ | FRIDRIK DÓR | BLAZ ROCA

AGENT FRESCO	JÓN JÓNSSON	INGÓ VEDURGUÐ	STEINDI JÁ
HVANNDALSARÆÐUR	BUFF	MANNAKORN	FJALLABRÆÐUR
SVEPPI	ARI ELDJÁRN		

DALURINN BÍÐUR



Gítarstemningin

Vertu klár í að taka helstu Eyjalögin á gítarinn, nú eða bara að syngja með. Þú finnur fleiri lög á síðu 24 og ef það liggur virkilega vel á þér þá getur þú tekið síðurnar tvær úr og slegið í gegn í stemnings-tjaldinu.



La Dolce Vita 2011

Em D Em D C G Dsus4 D
Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita
Em D Em D C G Dsus4 D
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

C Em G D
Aha ég segi það satt hef unnið of mikið svo ég á það skilið
C G B
að gleyma mér aðeins og bílast í friði með bjútifúl liði
C Em G D
En röðin er löng og dalurinn hlaðinn ég mæti á staðinn
C G Bsus4 B
því þegar ég dansa er eins og ég svífti ég er á lífi

Em D Em D C G Dsus4 D
Nú er ég búinn að gera mig sætan, sjóðheitur ég verð að mæt' og upplifa La Dolce Vita
Em D Em D C G Dsus4 D
Nú er ég búinn að reima skóna, til að dans' í nótt við töfratóna í La Dolce Vita

C Em G D
Svo hvað viltu sjá? Og hvað viltu heyra? Má bjóða þér meira?
C G Bsus4 B
Að standa og þegja er ömurlæg iðja þú þarft að biðja
C Em G D
Ég veit hvað ég vil og næ líka í það ég nenni ekki að biðja
C G Bsus4 B
í dag vil ég dansa og nú kemur bassinn hrist' á þér rassinn

Nú er ég búinn að gera mig sætan...

Em D Em D C G Em D
Trúa, treysta, bar' á það besta.
Em D Em D C G Bsus4 B
Trúa, treysta, bar' á það besta.

Nú er ég búinn að gera mig sætan... x3

Lag: Trausti Haraldsson
Texti: Páll Óskar Hjálmtýsson

Eyjan mín 2009

Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna

F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna

F A Dm
Fyrir löngu síðan fóru Tyrkinnir,
Gm F C
í ferð upp að Íslandsströndum.
F A Dm
Í Vestmannaeyjum ætluðu sér,
Gm F C
alla að taka höndum.

F A Dm
Um miðja nótt neyddist fólk til að flýja,
Gm F C
glóandi hraun yfir húsin að streyma
F A Dm
Menn héldu þá aldrei aftur snéru,
Bb C
Eyjamenn til síns heima.

F A Dm Gm C F
En Eyjan mín, Eyjan mín stóð það af sér
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín stóð það af sér

F A Dm
Á Danska Pétri sigldu Ninon bræður,
Gm F C
Stjáni var sterkur en Sibbi var skæður.
F A Dm
Maggi maður elskaði skrall,
Gm F C
úr jakkanum fyrstur eftir ball.

F A Dm
Bjössu í Klöpp kunnir hnefatal
Gm F C
Eirkur hestur að lesa sal.
F A Dm
Drukku báðir hlajandi úr stút,
Bb C
áður en þeir hreinsuðu úr kofanum út.

F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna

F A Dm Gm C F
Dm Gm C F Dm Gm C

F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna
F A Dm Gm C F
Eyjan mín, Eyjan mín fagra græna

Lag og texti: Bubbi Morthens

Útihátíð 1986

Am Dm
Þið sem komuð hér í kvöld
C G Am
(vonandi skemmtið ykkur vel)
Am Dm
Ég veit þið höfðuð með ykkur tjöld
C G Am
(drekkið ykkur ekki í hel)

Am Dm
Þið komuð ekki til að sofa
C G Am
(í tjaldi verðið ekki ein)
Am Dm
fjóri skal ég ykkur lofa
C G Am
(dauður bak við næsta stein).

Am Dm
Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti
C G Am
vonandi skemmtið ykkur vel.
Am Dm
Illa drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,
C G Am
vonandi skemmtið ykkur vel.

Am Dm
þetta er söngur til þín og mín
C G Am
(þú mátt alveg syngja með)
Am Dm
okkar sem drekkum eins og svín
C G Am
(svo fljóti út um eyru og nef).

Am Dm
Upp á palli, inn í tjaldi, úti fljóti
C G Am
vonandi skemmtið ykkur vel.
Am Dm
Illa drukkin, inni skógi, hvar er tjaldið,
C G Am
vonandi skemmtið ykkur vel.

Lag: Sveinbjörn Grétarsson
og Kristján Viðar Haraldsson
Texti: Greifarnir

Ég veit þú kemur 2002

D Gm6 D D7
Ég veit þú kemur í kvöld til mín,
G D
þó kveðjan væri stutt í gær,
Em F# Bm Bm/A
ég trúi ekki á orðin þín
E7 Em7 A7
ef annað segja stjörnur tvær.

D Gm6 D D7
Og þá mun allt verða eins og var,
G D
sko, áður en þú veist, þú veist,
Em F# Bm Bm/A
og þetta eina sem út af bar
Em A7 D
okkar á milli í friði leyst.

Em F#m
Og seinna þegar tunglið
Em F#7
hefur tölt um langan veg,
Bm Bm/A
þá tölum við um drauminn
E E7 A7
sem við elskum þú og ég.

D Gm6 D D7
Ég veit þú kemur í kvöld til mín,
G D
þó kveðjan væri stutt í gær,
Em F# Bm Bm/A
ég trúi ekki á orðin þín
Em A7 D Bm
ef annað segja stjörnur tvær
Em A7 D6
ef annað segja stjörnur tvær

Lag: Oddgeir Kristjánsson
Texti: Ási í Bæ
Flytjandi: Eivør Pálsdóttir



Kælibox 24 ltr
3899342

1.990,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJUNNAR

1.490,-
~~1.990,-~~

1.990,-
~~2.990,-~~

Tjald Riga 2

Tveggja manna,
Stærð 200x140x100 cm.
170T Polyester. PA 450 mm.
Fiberstangir 6.9 mm.
Þyngd 1.7 kg.
3000410

Svefnpoki Moscow 10/5/-2°C

Stærð 230x80/50 cm.
Fylling 200 gr/m²
Hollow fiber.
3000421

ÓDÝRT Í ÚTILEGUNA

Tjald Madrid

Þriggja manna.
Ytra tjald: (130+210)x210x130 cm.
Innra tjald: 210x210x130 cm.
Ytra efni: 190T Polyester PU 1500 mm.
Innra efni: Polyamid öndunarefni.
Fiberstangir 8.5/7.9 mm.
Þyngd 3.5 kg.
3000412

6.990,-
~~8.990,-~~

**Tjaldstóll
fellanlegur**
3901474

1.290,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJUNNAR

Kolagrill
35 cm
2999904

1.990,-
~~2.990,-~~

Kælibox Shiver 30 ltr

Hægt að tengja í 220 og 12V.
Stærð 50x29,7x39,5 cm.
Pláss fyrir tvær
2ja lítra flöskur.
3899281

12.900,-
~~15.900,-~~

**Tjaldborð
og bekkjasett**
3899360

12.900,-
~~14.900,-~~

2.390,-
~~2.990,-~~

Vindsæng
Stærð
99x191x22 cm.
3900932

Vatnsbrúsi
14 ltr
Samanbrotið
3900624

14 ltr
690,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJUNNAR

Látum
verkin tala!

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
HÚSASMÍÐJUNNAR


*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.



HÚSASMÍÐJAN

Jarðsöng gemsann eftir fertugs- afmælið

Páll Óskar Hjálmtýsson gaf á dögnum út Þjóðhátíðarlagið 2011, **La Dolce Vita**, sem hann segir ramma inn Eyjastemninguna eins og hann þekkir hana. Hann er í stakk búinn fyrir ástina en missti ástkæran vin sinn, farsímamann Nokia 6110, á síðasta ári.



Þjóðhátíðarnefnd bað mig um að semja Þjóðhátíðarlagið 2011 og ég sagði: „Ókei, ég skal taka slaginn en þið fáið sko ekkert kassagítarslag frá mér. Ég er diskódíva og þið fáið danspopp frá mér, algeran diskótrukk.“



HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 160370.

Upphaldsstaður í heiminum: New York.

Upphaldsmatur: Gott sushi eins og þeir gera í Brooklyn.

Upphaldstónlistarmaður: Burt Bacharach.

Upphaldslag úr eigin smíðju: Betra líf.

Draumagiggið: Ég er búinn að gera það, það var Páll Óskar í Hörpunni. Nú þarf ég bara að fá að hita upp fyrir Madonna eða Lady Gaga.

Helsti kostur: Hreinskilni. Sumt fólk einfaldlega meikar það ekki og lítur á það sem ókost, þetta hefur meira að segja ollið vinslitum.

Versti ávani: Ég bora í nefið og ég get ekki hætt því. Systur mínar eru mjög duglegar við að skamma mig.



viðtalið

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurjón Guðjónsson

einar@monitor.is

Páll Óskar Hjalmtýsson er einn farsælasti poppari Íslandssögunnar. Hann hefur það orð á sér að vera skipulagður og þægilegur í samstarfi auk þess sem oft virðist sem dýrkun þjóðarinnar á þessum jákvæða söngvara eigi sér engin takmörk. Sjálfur lýsir hann sér sem diskórottningu. Páll Óskar hélt í júní vel heppnaða tónleika með Sinfó í Hörpunni og hélt svo til New York til að hlaða batteríin. Hann treður að sjálfsögðu upp á Þjóðhátíð líkt og fyrri ár.

Hefur þú hugleitt það að bjóða þig fram til forseta lýðveldisins þegar þú verður kominn af þínu léttasta skeiði?

Það var nú einu sinni stofnaður Facebook-hópur með þessari þælingu, ég stóð nú reyndar ekki fyrir honum. Ég frétti af þessum hópi og um svipað leytir var ég að troða upp fyrir Óla grís svo ég nýtti tækifærið og spurði hann nú aðeins út í þetta starf. Í stuttu máli heillaði starfslýsingin mig ekki svo ég held að ég sé bara nákvæmlega á þeim stað í lífinu sem mig langar að vera.

Nú ertu vanur að dressa þig upp í rosalega palliettu- og glimmergalla þegar þú kemur fram. Hvaðan koma allir þessir gallar?

Hann Coco Viktorsson, vinur minn, hefur verið að hanna mjög mikið af þessum búningum á mig síðustu árin. Sömmuleiðis hún Zelma Ragnarsdóttir. Samstarfið hefur verið alveg ofsalega fallett og gjöfult undanfarin ár en stærsta verkefnið okkar var núna um daginn, Páll Óskar og Sinfó í Hörpunni. Coco gjörsamlega toppaði sjálfan sig sem búningahönnuð þar. Sem betur fer voru þessir tónleikar teknir upp fyrir sjónvarp og þeir verða gefnir út á DVD fyrir jólin. Þá getur fólk séð allan þakann.

Klæðist þú þessum göllum þegar þú ert heima hjá þér?

Nei, þá dressa ég mig niður. Mér líður best í Henson-galla, alveg grínlaust, einhverju sem ég get hreyft mig í auðveldlega. Það er mikið að gera hjá manni, þetta er stundum mikill hasar og ég þarf að þeytast út um allan bæ. Þótt ég feginn vildi, þá myndi ég ekki ná að vera í palliëttudressunum á daginn. En þessi fót sem ég er í á sviði, þau eru eiginlega komin út fyrir það að vera fót, þetta eru búningar.

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú leiðir hugann að Þjóðhátíð í Eyjum?

Dúndrandi bassatromma, stærsta hljóðkerfi landsins og ég í palliëttubúningnum að troða upp fyrir framan sautján þúsund manns í brekkunni á sunnudagskvöldið þar sem allir kunna alla textana og syngja með hástöfum í öllum lögunum.

Hvernig kanntu við þig úti í Eyjum?

Þetta er gert á svo fagmannlegan hátt þarna að Þjóðhátíð í Eyjum er farin á að jafnast á við það besta sem gerist í útlöndum. Ég er ekki að grínast. Mér dettur í hug að líkja þessu við tónlistarhátíðir eins og Glastonbury, Reading og Roskilde og það er ekki leiðum að líkjast. Það fer Eyjamönnum svo rosalega vel að halda stórar hátíðir, líka fótbolta- og önnur íþróttamót.

Þú átt Þjóðhátíðarlagið í ár, La Dolce Vita. Hvernig kom það til?

Þjóðhátíðarnefnd bað mig um að semja Þjóðhátíðarlagið 2011 og ég sagði: „Ókei, ég skal taka slaginn en þið fáið sko ekkert kassagítarslag frá mér. Ég er diskódíva og þið fáið danspopp frá mér, algeran diskótrúkk.“ Þannig þekki ég líka Þjóðhátíð best, þetta er stemningin sem ég tengi við hana. Ég sagði þeim líka að textinn yrði sömmuleiðis mín upplifun af þessari hátíð og mín upplifun af henni er alls ekki kassagítar, lund, hvít tjöld, lopapeysur eða yngismey í Heimaey. Ég sagði þeim að ekkert af þessu kæmi í textanum og þá sögðu þeir: „EKKI MÁLIÐ, ÞÚ HEFUR ÞETTA NÁKVÆMLEGA EINS OG ÞÚ VILT.“

Hvað getur þú sagt mér um þetta lag?

Trausti Haraldsson samdi lagið, hann á þessa melódíu, og við höfum nú gert mörg lög saman í gegnum tíðina. Hann samdi með mér Minn hinsta dans, Er þetta ást? og Bundinn fastur. Melódíurnar eru svo fallegar og það er stundum eins og þær séu klæðskeraskiðnar fyrir röddina mína. Síðan kom textinn frá mér og titillinn La Dolce Vita er sko alls ekkert út í bláinn. Þetta er auðvitað ítalska og þýðir „hið ljúfa líf“ eða „lífið er yndislegt“ þannig að þetta gæti ekki passað betur við Þjóðhátíð. Mér fannst smellpassa að titillinn við lagið yrði ítalsk-eyrópskur enda er ég „euro-poppari“ í hjartanu og að vera þarna á Þjóðhátíð fyrir framan sautján þúsund manns er eins og að vera kominn til útlanda. Mér finnst lagið þess vegna algjörlega ramma inn þessa stemningu sem ég upplif.

Hefur þú fylgst með viðbrögðunum við laginu?

Ég tók eftir því á internetinu að frá því að lagið fór í loftið, þá voru Eyjamenn sem leist ekkert á blikuna þegar þeir heyrdðu þetta lag fyrst og létu í sér heyrna. Ég er búinn að fara yfir þessa gagnrýni, lesa þetta allt og aðalgagnrýnin sem þeir tefla fram er að þetta lag sé ekki Þjóðhátíðarlag því að þau eigi að vera spiluð á kassagítar og að það eigi að vera minnst á lunda, sprang eða Herjólfssdal einhvers staðar. Þeir segja að Þjóðhátíðarlag eigi ekki að vera

ÞETTA EÐA HITT?

Nasa eða Harpan? Það þýðir ekkert að gera upp á milli. Nasa er fullkomin fyrir standandi áhorfendur en Harpan fyrir sitjandi. Jafntefli.

Eurovision eða Gay Pride? Þetta er nasty. Ég segi Gay Pride, því það er mannréttinda-barátta.

Gull eða silfur? Gull, það lúkkar betur við hárið á mér.

London, París eða Róm? París.

Hvort ertu meira bjúttífúl eða gordjöss? Bjúttífúl, því það er hægt að vera bjúttífúl að innan. Það er enginn gordjöss að innan.

Ljúfa líf eða La Dolce Vita? La Dolce Vita!



diskólag en þessu er ég bara innilega ósam-mála. Ég stend með mínum verkum og stend með þessu lagi. Ég er diskórottningin sem kemur inn með stuðið á sunnudagskvöldið og er búinn að vera að því síðan 2008. Ég er algjörlega í líði með diskóinu og ég veit að líðið á eftir að bilast í brekkunni þegar „showið“ byrjar. Þar að auki getur þú prófað að taka kassagítar og spilað La Dolce Vita á kassagítar og ég get lofað því að það svínvirkar.

Svo þetta mikla diskólag er í rauninni líka kassagítarslag eins og þessir umræddu Eyjamenn vilja heyrna?

Já, það má meira að segja taka fram að hann Örylgur Smári er í þessum töluðu orðum að gera „kassagítars-remix“ af þessu lagi. Þegar þessar gagnrýnisráddir fóru á loft þá kom upp sú hugmynd að gera bara „lopapeysu-remix“ sem er svolítið briliant. Venjulega eru popplög oftast „remixuð“ í dansútgáfur en núna förum við bara aftur á bak, tökum lag sem er danslag í grunninn og „remixum“ það ofan í kassagítarinn. Þessi kassagítarsútgáfa verður komin á netið von bráðar.

Í Eyjum í ár munt þú líka stíga á stökk á barnaskemmtuninni. Hvernig finnst þér að troða upp fyrir áhorfendahlóp sem samanstendur bara af krökkum?

Ég hef alltaf haft það fyrir reglu að þegar ég kem fram á svona hátíðum á kvöldin, þá kem ég líka fram fyrir börn á daginn. Ég er það heppinn að ég hef fengið að troða upp fyrir alla þjóðina; börn, unglina, fullorðna, fátæka sem ríka og líka Óla grís. Málið er að ég hef aldrei á ævinni sett mig í neinar sérstakar stellingar. Orkan sem ég gef frá mér er alltaf sú sama burt séð frá því hverjir eru að horfa á. Hvað krakkana varðar þá skil ég ekki af hverju börn fíla mig svona rosalega mikið. Ég hef aldrei samið sérstaka barnatónlist og í raun og veru ef þú lítur nánar á lögin og textana þá eru sum lögin langt frá því að vera fyrir börn. Ég er alveg gáttaður, ég skil bara ekki hvað börn sjá við fjörutíu og eins árs gamlan homma sem er með grátt í vöngum.

Ég er alveg gáttaður, ég skil bara ekki hvað börn sjá við fjörutíu og eins árs gamlan homma sem er með grátt í vöngum.

Er einhver Þjóðhátíð fyrri ára sem stendur upp úr eða eru einhver atvik úti í Eyjum eftirminnilegri en önnur?

Málið er það að þessar Þjóðhátíðir hafa allar gengið eins og smurð vél þannig að mér dettur svo sem ekkert í hug. Það vita allir hvað gerðist milli mín og Árna Johnsen árið 1996. Ég vil ekki dvelja í því, 1996 er búið. Framtíðin er núna og mátturinn er í núinu.

Helgina eftir lætin í Eyjum heldur þú væntanlega upp á Gay Pride-hátíðina. Ertu kominn með galla fyrir hátíðina?

Jájájájá, ég er löngu byrjaður að vinna í því. Auðvitað ætla ég að vera með flottasta trukinn í göngunni og ég skal lofa þér því að ég á eftir að ganga enn lengra í ár en áður. Ég á eftir að toppa sjálfan mig (hlær).

Hversu snemma byrjaðir þú undirbúninginn?

Ég er með teymi af fólki með mér í þessu, ég gæti aldrei gert þetta einn, og við hittumst fyrir svona þremur mánuðum. Þá byrjuðum við að kasta hugmyndum á milli og teikna eitthvað upp og síðan þá hef ég verið í óbeinni undirbúningsvinnu. Ég er í New York núna og nýt þá góðs af því að hafa aðgang að ótrúlega flottu dóti hérna hjá fólki sem veit alveg hvað það er að gera í þessum málum. Gay Pride-skrúðgangan hefur meira en fjörutíu ára sögu hérna. Ég sá hana hérna í New York í júní.

Hvernig var gangan þar miðað við gönguna á Hinsegin dögum í Reykjavík?

Það kom mér á óvart hvað gangan þeirra var litalaus. Fólk var aðallega bara í stuttermabolum með einhverjum yfirlýsingum á. Þetta var mjög pólitísk ganga enda eru

þeir ennþá að berjast í bökkum og ég finn það á samkynhneigðum hér að þeir eru orðnir svolítið langþreyttir á þessu. Amerikanarnir mæta gífurlegum hindrunum hérna frá trúarofstækisfólki sem á gífurlega peninga og eyðir fjármagni í að standa í vegi fyrir þessari mannréttindabaráttu.

Í ljósi þess ert þú væntanlega þakklátur fyrir að búa í íslensku samfélagi, ekki satt?

Ekki spurning. Ég trúi því að okkar réttindabarátta hér á Íslandi hafi gengið svona hratt fyrir einfaldlega vegna þess að þjóðin er svo lítil. Það þarf ekki mikið til þess að koma ábyrgum upplýsingum frá ábyrgu fólki á framfæri á Íslandi. Réttar upplýsingar á réttum tímum í rétt eyru geta velt mjög þungu hlassi. Þess vegna held ég að við munum vinna okkur út úr hræðilegum hlutum eins og kreppunni á mun styttri tíma en okkur grunar. Við megum samt ekki gleyma því að hér á landi tók tíu til fimmtán ár fyrir samkynhneigða frá því að vera fullkomlega réttindalaus hópur yfir í það að njóta fullra réttinda. Þess vegna verðum við að vera þolinmóð hvað varðar uppbyggingu landsins. Þegar húsið er í rúst eftir svona fylleri, þá tekur dálítið langan tíma að taka til þegar þú ert bara með eina skúringafötu, eina moppu og einn brúsa af Ajax.

Í júní troðfylltir þú stærsta sal Hörpunnar. Hvernig fílaðir þú þig í Hörpunni?

Harpan er okkar Carnegie Hall, þetta er konserthöll. Hún er sérhönnuð til flutnings á símfónískri tónlist þannig að þetta er fyrst og fremst heimili Símfóníuhljómsveitar Íslands. Síningin sem ég setti á svið með Sinfó smellpassaði þangað inn. Á tímabili leið mér bara eins og húsið hefði verið hannað fyrir mig (hlær). Að svo mæltu þá er samt alveg ljóst að það er ekkert öll tónlist sem passar þarna inn. Elektrónísk tónlist og rokk eiga kannski erfiðara með að klæða sig upp í þennan sal. Nú þurfum við þess vegna bara að fá reynslu af því hvernig tekst til með raftónlist í Silfurberginu og Norðurljósum. Það sem er líka gott við Hörpuna er að núna er markaðurinn til tónleikahalds á Íslandi búinn að galopnast. Nú geta tónlistarmenn á Íslandi sko ekki kvartað undan því að það vanti tónleikaaðstöðu.

Þú hefur komið fram með Sinfó í Háskólabíói og Hörpunni, troðið upp í flottustu húsnæðum landsins og komið oft fram á Þjóðhátíð í Eyjum, svo eitthvað sé nefnt. Er eitthvað eftir fyrir þig?

Nei, ekki nema að halda áfram að gera fleiri plötur, gera fleiri lög og njóta gjörningsins að skapa list burt séð frá útkomunni. Það er eitthvað sem ég er til í að gera mjög lengi og ég get alveg viðurkennt að þessir tónleikar með Sinfó í Hörpunni eru eitthvað sem ég væri til í að gera á hverjum einasta laugardegi næstu þrjú árin. Ef Símfóníuhljómsveitin er til í að vinna með mér þá er ég til viðtals varðandi slíkt. Þessir tónleikar voru eins og söngleikur sem spannar ævisögu mína.

Lagatextarnir þínir fjalla flestir um ást. Eru þeir byggðir á persónulegri reynslu?

Já, hvert einasta orð sem ég syng er eitthvað sem ég hef upplifað sjálfur. Ég nenni ekki að skrifa einhverja bulltexta út í loftið. Ég nenni því þegar ég var að vinna með Milljónamæringunum, þá var ég stundum að semja texta við spænsk lög. Þá var gaman að semja svona einhverja aulalega og fyndna texta en seinna meir fann ég það mjög sterkt að ég nenni ekki að skrifa eitthvað sem kemur ekki frá hjartanu. Kannski næ ég að haga mér aftur eins og fífl í framtíðinni, það er alveg oft mjög stutt í það. Ég passa mig líka á því þótt þetta séu dramatískir textar þá hef ég alltaf þínu hómur einhvers staðar.

Finnst þér íslenska þjóðin sýna ástarmálum þínum mikkinn áhuga?

Ég tek persónulega ekki mikið eftir því. Það sem ég tek eftir er að flestir eru hissa á því af hverju ég skuli ekki eiga kærasta. Ég hef persónulega engar áhyggjur af því, mér líður ofsalega vel einum í eigin skinni og ég þarf ekki samþykki eða viðurkenningu frá öðrum karlmanni til að mér líði eitthvað betur. Ég myndi aldrei leggja neitt slíkt á herðar annarrar manneskju hvort sem er. Mér finnst það heimtufrekja og eiginlega dónaskapur að byrja með einhverjum og heimta það að þessi manneskja geri mann hamingjusaman. Þetta eru samböndin sem eru dauðadæmd. Þetta er fólkið sem hleypur upp að altari með látum og er síðan búið að skilja þremur árum síðar af því að það var farið í sambandið á vitlausum forsendum. Þú veist, taktu til hjá þér fyrst áður en þú bíður einhverjum öðrum í heimsókn.

Hvað er þá að fréttu af þér í þeim efnunum?

Ég held að ég sé búinn að taka ágætlega til hjá mér og hugsa að ég hafi aldrei verið jafnvel í stakk búinn til að bjóða einhverjum í heimsókn. Hins vegar hef ég ekki ennþá hitt þann mann og ef það á að gerast, þá bara gerist það.

Þú ert annálaður kvikmyndaá hugamaður sem safnar gömlum myndum á filmuformi. Hvaðan kemur sá áhugi?

Ég er búinn að vera filmuböff síðan ég var pinkupons. Ég var sex ára þegar ég fékk að fara einn í bíó í fyrsta sinn. Þá fór ég í

Gamla bíó og sá Mjallhvíti og dvergana sjö. Ég drekkti mér í þessum ævintýrum og teiknimyndum sem krakki en svo þegar ég var tólf ára, þá sá ég bæði Exorcist og Carrie sömu helgina og eftir það var ekki aftur snúið. Ég var kominn með hryllingsmyndabakteríuna og sá vírus er í dúndrandi stuði enn þann daginn í dag.

Áttu þér uppáhaldsbíómynd?

Ég myndi segja Vertigo eftir Alfred Hitchcock, hún er mögulega fullkomnasta mynd í heimi, og It's a Wonderful Life eftir Frank Capra. Það vill svo til að James Stewart leikur í þeim báðum. Þetta eru myndir sem ég fæ ekki nóg af.

Fyrir utan það að hvíla þig og fylgjast með Gay Pride í New York, hvað ertu þá að gera þar?

Ég var svo heppinn að fá vinnuáðstöðu hérna til að leika mér aðeins í og þar náði ég að klára minn part í La Dolce Vita. Þá gat ég bara sent tölvuskjölin heim til Íslands þar sem Örlygur Smári tók við þessu og við mixuðum þetta eiginlega í gegnum internetið. Svona

er þetta auðvelt í dag, þú getur tekið upp trommur í Þýskalandi, bassa í Frakklandi og sönginn í Færeyjum og mixað þetta allt saman á Íslandi.

Um árið hafðir þú orð á því að þú værir búinn að nota sama farsímamann, Nokia 6110, í þrettán ár. Gengur þú ennþá með þennan síma?

Elsku Nokia-síminn minn dó á mjög dramatískan hátt. Hann dó á fertugsafmælinu mínu, 16. mars 2010. Ég reyndi grínlaust að hnoða í hann lífi, reyndi að splæsa í hann nýjum batteríum en ekkert gekk. Jarðarförin hefur farið fram og ég bjó um þennan gemsu í litilli glerkistu og svo fékk ég litlar postulínsstytur á eBay af Dverg-unum sjö, þannig að Dvergarnir sjö sitja nú í kringum þessa glerkistu og syrgja símann (hlær).

Það hefur sömuleiðis oft komið fram í fjölmiðlum hvernig þú ert oftari en ekki bókaður nánast heilt ár fram í tímann. Ertu kominn með dagbók fyrir árið 2012 og byrjaður að fylla út í hana?

Já já já, blessaður vertu og 2012 er langt komið. Málið

er bara að ég skipulegg mig langt fram í tímann. Ég er venjulega búinn að bóka flest þau gigg og flesta þá tónleika sem mig langar að gera að veruleika í janúar sama ár og þetta á að eiga sér stað. Maður dregur sig venjulega í hlé í janúar og ég nota hann til að klára allar bókanir.


Ertu ekkert hræddur um að brenna út fyrr en eðlilegt er?

Nei, þegar ég skipulegg mig svona fram í tímann verð ég líka að passa að taka mér góð hlé inn á milli. Ég brenn ekki út ef ég geri það, þá næ ég alltaf að endurhlaða orkuna. Þetta er ekkert mál, maður verður bara að vera skipulagður. Maður verður að eiga dagbók og standa við það sem stendur í henni.

Ertu svona sjálfsgaður?

Ég er miklu agaðri heldur en ég var. Ég var mjög stjórnlaus fyrir tíu árum síðan. Ég er orðinn miklu skipulagðari og trúðu mér, ég fíla miklu betur að vera skipulagður.

/// Ég er miklu agaðri heldur en ég var. Ég var mjög stjórnlaus fyrir tíu árum síðan.



Fyll'ann takk!



Vertu með réttu tónlistina
um Verslunarmannahelgina!
Fylltu á símann og iPodinn.

Í Vestmannaeyjum 2000

Ég horfi út í himinbláa nóttina
í Herjólfssdal og reyni að finna þig
Brekkan mín og Heimaklettur heilsa mér
Hátíðin er hafin enn á ný.

Í tjaldi þar sem enginn sér,
er gott að eiga nótt með þér
og á morgun mun ég

Vakna upp í Vestmannaeyjum
Við vegamót hins andlega seims
í fullum dal af finum peyjum
og fallegustu konum heims

Fjósaklettur logar, bálið brennur
í brekkunni ég syng á nýrri öld

Ástin kveikir eld í ungum hjörtum
Ævintýraþráin tekur völd

Í tjaldi þar sem enginn sér,
er gott að eiga nótt með þér
og á morgun mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á
Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
Ég hef aldrei vitað annað eins
í fullum dal af finum peyjum
og fallegustu konum heims

Sunnudagskvöld og síðasti dansinn stigin
Söngur og gleði óma dalnum í

Eyjan mín ég yfirgef þig brátt
Að ári mun ég hitta þig á ný

Í mánuði og vikur margar bið
En mig mun aldrei vanta á Þjóðhátíð

að ári mun ég

(Viðlag)

að skemmta sér á
Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
Ég hef aldrei vitað annað eins
í fullum dal af flottum peyjum
og fallegustu konum heims

að ári mun ég

(Viðlag)

A D E A D E A

Lag og Texti: Heimir Eyvindarson

Lífið er yndislegt 2001

Bm G Bm G

Á þessu ferðalagi fylgjumst við að.
Við eigum örlitinn vonarneista fyrir hvort annað.

Í ljósu mánaskini vel ég mér stund og segi:
Ég myndi klífa hæstu hæðir fyrir þig.

Ég væri ekkert án þín, myrkríð hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Blikandi stjörnur skína himninum á.
Hún svarar, ég trúi varla því augu mín sjá
og segir ég gef þér hjarta mitt þá skilyrðislaust
Ég veit að þú myndir klífa hæstu hæðir fyrir mig

Ég væri ekkert án þín, myrkríð hverfur því að...

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Nóttin hún færir nær, hér við eigum að vera.

núna ekkert okkur stöðvað fær
undir stjörnusánum, inni Herjólfssdalnum.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lífið er yndislegt, sjáðu,
það er rétt að byrja hér.
Lífið er yndislegt með þér.

Lag og texti: Hreimur Örn Heimisson.

Vinátta 2002

Ég legg upp í ferðalag,
á nýjan og framandi stað
vonandi verður þú þar.

Það er dularfull ágústnótt
ég horfi á allt þetta fólk
ólýsanleg vinátta.

Ég loka augunum,
þú færir þig nær
og ég finn hvernig hjartað slær.

Á Þjóðhátíð, þar hitti ég þig
og held þér fast í örmum mér
Á Þjóðhátíð (x4)

Það leynir sér ei hvar ég er,
ég sit hér við hliðin á þér
og er ekki með sjálfum mér.

Það er dularfull ágústnótt
ég horfi á allt þetta fólk
ólýsanleg vinátta.

Ég loka augunum,
þú færir þig nær
og ég finn hvernig hjartað slær.

Á Þjóðhátíð, þar hitti ég þig
og held þér fast í örmum mér
Á Þjóðhátíð (x4)

Lag og Texti: Hreimur Örn
Heimisson og Lundakvartettinn

Þú veist hvað ég meina mæ 1997

Þú veist hvað ég meina mæ
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Hljótt í vestri kveður kvöld
kvikna eldar nætur
Táp og kæti taka völd
titra hjartarætur

Dalsins lífi greiðum gjöld
gleðin sanna lokkar
Þráin vaknar þúsundföld
þessi nótt er okkar

Þú veist hvað ég meina mæ
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Þú veist hvað ég meina mæ
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Meðan nóttin framhá fer
Fljóðin ástarblíða
Inn í tjaldi trúðu mér
tækifærin biða

Vinnu ástarheitið hér
hjörtun látum mæstast
Enginn veit og enginn sér
okkar drauma ræstast

Þú veist hvað ég meina mæ
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Dalsins lífi greiðum gjöld
gleðin sanna lokkar
Þráin vaknar þúsundföld
þessi nótt er okkar...


Þú veist hvað ég meina mæ
munarblossar ginna
Komdu þar sem freisting fær
fylling vona sinna

Lag: Sigurjón Ingólfsson
Texti: Guðjón Weihe
Flytjandi: Skítamóráll

Ertu klár fyrir Verslunarmannahelgina?



RIGNINGIN ER GÓÐ



SJÓMANNA

BAKPOKI



ÁÐUR: 8.800 kr. NÚ: 5.720 kr.



~40%

afsláttur

af léttum sjófatnaði fyrir Verslunarmannahelgina



66north.is

ÞÓR

HATTUR



ÁÐUR: 5.900 kr. NÚ: 3.540 kr.



FLATEY anorak
ÁÐUR: 11.380 kr.
NÚ: 6.820 kr.



FLATEY buxur
ÁÐUR: 9.200 kr.
NÚ: 5.520 kr.



FREYR anorak
ÁÐUR: 7.530 kr.
NÚ: 4.580 kr.



FREYR buxur
ÁÐUR: 7.810 kr.
NÚ: 4.680 kr.

T-Sigg

FLÖSKUR



ÁÐUR: 3.300 kr. NÚ: 2.310 kr. (0.6 L)
ÁÐUR: 3.900 kr. NÚ: 2.730 kr. (1 L)



ÞÓR

TJALD



1-2 manna tjald

- Stærð: 110 x 220 x 100 cm
- Þyngd: 2,0 kg

- 5.000 mm vatnsheldni, 10.000 mm vatnsheldni í botni.
- Nylon rip stop, með silicon húð, sem andar vel

ÁÐUR: 25.200 kr. NÚ: 17.640 kr.



Fólkíð í Eyjum

Monitor fór á stúfana og ræddi við Eyjamenn úr hinum ýmsu störfum sem öll eiga það sameiginlegt að þjónusta gesti Þjóðhátíðar á einhvern hátt. Öll voru þau sammála um að á Þjóðhátíð ríki ávallt alveg einstök stemning sem orð fá ekki lýst. Vináttan ræður ríkjum á milli allra kynslóða þar sem ungir sem aldnir skemmta sér saman.



FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍBV LEGGUR
MIKINN METNAÐ Í SKIPULAGIÐ

Tryggvi Már Sæmundsson Þjóðhátíðarsérfræðingur úr Þjóðhátíðarnefnd „Held að stemningin hljóti að vera einsdæmi“

Nú hefur þú verið í Þjóðhátíðarnefnd síðan árið 2000, af hverju langaði þig til að taka þátt í þessu starfi?

Mér fannst svo spennandi að vinna að framgangi bæði hátíðarinnar og ÍBV, en þetta er þeirra stærsta fjárföldun. Mér þótti það vera góft markmið að reyna að lyfta Þjóðhátíð á hærra plan og finnst það hafa tekist nokkuð vel síðustu ár. Stefnan er ávallt að toppa árið á undan, en þó ekki hvað varðar mannfjölda þar sem hann hefur alveg náð hámarki undanfarin ár.

Hvernig hefur undirbúningurinn í ár gengið?

Undirbúningurinn í ár hefur verið þónokkuð frábrugðinn því sem áður hefur verið þar sem við erum að reisa varanlegt svið niðri í dal. Í fyrra steyptum við varanlegar sölubúðir, salerni, geymslu og lager og nú erum við að byggja efri hæðina sem er sviðið sjálft. Þetta er mannvirki sem er 10 og hálfur meter á hæð og þykir umdeilt hér í Vestmannaeyjum. Nú er þetta allt að verða klárt en á næsta ári klárur við útlitslega þáttinn á byggingunni.

Nú þurftu þið að leita til vina ykkar norður í Skagafirði til að geta boðið upp á lunda, var það mikið áfall þegar í ljós kom lundinn yrði ekki „innfæddur“ í ár?

Auðvitað er það áfall að geta ekki veitt lunda, en það setur alltaf skemmtilegan brag á bæinn þegar veiðarnar standa yfir. Svo við sökum þess að geta veitt en sem betur fer er lundinn að norðan alveg

jafn ljúffengur svo að þetta bjargast fyrir horn. Það fylgir því eflaust mikið stress að undirbúa svona stóra hátíð, nærð þú að njóta hennar þegar stundin rennur svo upp?

Það er rosalega misjafnt en veðrið hefur alveg gífurlega mikið um það að segja. Þegar heppnin er með okkur og við fáum algjört blívíðri gengur allt sem smurt og þá nýtur maður þessara daga alveg í botn. Ef að við fáum hins vegar mikið rok og rigningu þá fylgir því mjög mikil vinna og brjáláð er að gera allan tímann.


Hvert er eftirminnlegasta atvikið sem þú manst eftir í tengslum við Þjóðhátíð?

Sennilega þegar sprengjan kom í brennunni 2009, þá nótraði allur dalurinn og þeir sem sáu um að skvetta bensíni á bálið féllu hálfpartinn flatar. Þá fór um mann smá hrollur og menn héldu í sér andanum í nokkrar sekúndur. Ég var þá staddur uppi í hljóðskúr og tæknimaðurinn við hliðina á mér hafði það hlutverk að skipta um lag um leið og kveikt var í brennunni en hann auðvitað fraus algjörlega og hélt að það hefði orðið stórslys og gleymdi því að skipta. Þetta sjókk varði þó sem betur fer stutt þar sem þeir sem sjá um að skvetta stóðu strax upp aftur og héldu strax áfram að skvetta.

Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Það er nú svo margt, en aðallega þessi stemning sem kemur yfir bæjarfélagið. Það komast allir í svo jákvæðan gir að það er alveg með ólíkindum. Allir eru tilbúnir til að skemmta sér saman, bæði börn, unglir, miðaldra fólk og eldri borgarar. Ég held að þetta hljóti að vera einsdæmi.

Karl Helgason hefur rekið Toppinn í yfir 10 ár „Ekkert vesen á viðskiptavinunum“



Síminn er styrktaradili Þjóðhátíðar 2011

Vertu með veðurspá í símanum á Þjóðhátíð í Eyjum 2011

Síminn



Hvenær finnurðu fyrir því að viðskiptin fara að aukast í kringum hátíðina? Traffikin fer að aukast jafnt og þétt frá þriðjudeginum. Þá fara krakkarnir að koma, hress í bragði og tilhlökkunin leynir sér ekki.

Hver er vinsælasti þjóðhátíðarskyndibitinn? Hamborgarinn er alltaf klassískur og franskur með.

Hafa birgðir oft klárast á meðan Þjóðhátíðin stendur yfir? Nei, maður er vel birgður. Maður byrjar að sanka að sér birgðum í byrjun júlí en ég held það megi segja að við tífoldum birgðirnar að minnsta kosti.

Hvað ræðurðu marga aukastarfmenn vegna Þjóðhátíðar?

Allir sem eru í vinnu hjá mér taka einhverjar vaktir og svo fæ ég líka til mín nokkrar stelpur sem vinna bara þessa helgi. Við erum alltaf fjögur á vakt og við höfum þetta bara stuttar vaktir svo allir séu ferskir og hressir og tilbúnir í átökin.

Þarftu að dekstra það mikið til svo það sé tilbúið til að eiga við svona mikið af fólki í misjöfnu ástandi?

Nei, það eru allir bara tilbúnir í þetta. Það er nefnilega þannig að krakkarnir sem koma til að fá sér að borða eru nær alltaf bara hress og ekkert vesen á þeim. Það gerist bara í algjörum undantekningartilvikum.

Hvað er það sem þú elskar mest við Þjóðhátíð?

Bara allt. Ég er hér fæddur og uppalinn og reyni alltaf að vera hér þessa helgi og taka þátt í gleðinni. Maður sleppir ekkert Þjóðhátíð. Þessi stemning sem hér ríkir er svo frábær þar sem allir eru vinir, sama á hvaða aldri þeir eru. Allir skemmta sér vel.



TOPPMAÐUR Á TOPPNUM

Jóhanna Gunnarsdóttir reynslubolti úr Sundhöllinni „Áskorun að láta allt ganga upp þessa helgi“

Nú margfaldast gestafjöldi sundlaugarinnar um verslunarmannahelgina svo um munar, er kominn kvíðahnútur í starfsfólkið eða er þetta bara líf og fjör?

Við lítum einfaldlega á þetta sem áskorun að láta þetta ganga vel. Í raun má segja að því fylgi hálfgerð „adrenalínskot“. Þetta er gífurlegur fjöldi manns sem kemur svo að við stöndum algjörlega á haus.

Eru þið þá marga daga að jafna ykkur eftir vinnutörmina?

Það má kannski segja það, þó það sé misjafnt. En í fyrra til dæmis þá hafði ég verið að vinna allan sunnudaginn og missti svo bara af því að fara niður í dal þar sem ég lognaðist bara út af snemma um kvöldið.

Hvort koma fleiri í sund þegar sólin skín og gott „tan“ er í boði eða þegar það rignir hressilega og fólk þarf að skola af sér skítinn?

Ætli það komi ekki fleiri þegar það er sól. Aðstaðan er orðin svo flott að þar er frábært að flatmaga og njóta hennar og kíkja í pottana.

Er eitthvað sérstakt atvik sem þú manst eftir sem tengist Þjóðhátíð og sundlauginni?

Já, það er ein saga sem kemur strax upp í hugann. Þannig var það árið 2009 að maðurinn minn fór á skeljarnar stuttu fyrir Þjóðhátíð og spurði hvort ég vildi giftast honum við setningarathöfnina, en hún er ávallt mjög hátíðleg og allir heimamenn í sínu finasta þessi. Ég var í engum vafa um það að ég vildi giftast honum en sagði honum að við yrðum að búa eitthvað lengur með athöfnina þar sem ég væri að vinna þessa helgi. Í vinnuna fór ég svo þennan umrædda dag en það vildi ekki betur til en svo að þar flaug ég á hausinn og endaði í sjúkrahúsi með fremur alvarlegan heilahristing um leið og setningarathöfnin fór fram. Ég hugsa því alltaf að ég hefði nú frekar átt að giftast þessari elsku!

Hvert er uppáhaldseyjalagið þitt?

Lífið er yndislegt, það segir allt sem segja þarf!

Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Það er án efa þessi sérstaka stemning sem myndast. Það er alls engin kynslóðaskipting heldur skemmta sér allir saman og allir eru vinir. Stemningin í hvítu tjöldunum er líka alveg ótrúleg og breytist eftir tíma dags. Þetta er því hátíð sem að öll fjölskyldan tekur þátt í.



HEFÐI BETUR GIFT SIG ER
SETNINGARATHÖFNIN FÓR FRAM

HLEÐSLA | 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR | HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN



PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI



**NÝ
BRAGÐ-
TEGUND**

HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ
HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÐOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS



UNDIRBYR SKOTHYLLKIN
FYRIR FLUGELDASÝNINGUNA

Adolf Þórsson

þaulreyndur björgunarsveitarmaður í Vestmannaeyjum
„Frábært að eiga samskipti við allt þetta glæsilega fólk“

Hve lengi hefur þú verið í Björgunarsveitinni?

Ég hef verið björgunarsveitarmaður síðan 1982 og alltaf í Vestmannaeyjum. Meðal annars sá ég um gæsluna í ein 13 ár.

Undirbúið þið ykkur sérstaklega fyrir hátíðina?

Í dag sjáum við í björgunarsveitinni eingöngu um flugeldasýninguna. Undirbúningurinn fyrir hana hefst strax í kringum áramótin en þá er gerð hálfgerð beinagrind að sýningunni og við pöntum efnið. Svo fara menn að stilla saman strengi í byrjun sumars og sex vikum fyrir hátíðina er allt komið á fullt og þá byrjum við að setja hana upp og tengja. Gæslan er svo sér en auðvitað erum við á vaktinni eins og alltaf með símann opinn.

Hvað eru margir í björgunarsveitinni? Fáið þið aukamannskap fyrir hátíðina?

Við erum 25-30 manns sem erum starfandi björgunarmenn í eyjunni en auðvitað er hellingur af fólki sem er tilbúið til að hjálpa ef það er eitthvað mikið sem kemur upp á.

Nú hefur þú mikla reynslu úr gæslunni, en hún þjónar ýmsum hlutverkum. Hvert af þeim fannst þér erfiðast og hvert þeirra var í mestu uppáhaldi?

Allt sem tengdist börnum fannst mér án

efa erfiðast, það er alltaf viðkvæmast. Sem betur fer voru það þó alltaf mjög fá tilfelli og hægt að bregðast við. Það sem mér fannst hins vegar skemmtilegast var að hitta allt þetta skemmtilega fólk sem kom í þeim eina tilgangi að skemmta sér á Þjóðhátíð. Það hafði ekkert annað í huga heldur en að njóta þess að vera til og því gaf það svo ofboðslega mikið af sér. Það er nú alltaf langstærsti hópurinn sem er þannig, alveg óskaplega glæsilegt fólk sem gaman er að eiga samskipti við.

Sefur gæslufólki eitthvað þessa helgi og nær það að njóta hátíðarinnar?

Þetta duglega fólk er á 12 tíma vöktum og reynir að sjálfsgöðu að hvíla sig inn á milli. Það nær svo að njóta þess m.a. með því að eiga þessi áður nefndu skemmtilegu samskipti við gestina og svo hlustar það alltaf á tónlistina og gleðina með öðru eyranu.

Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Flugeldasýninguna, ég verð að segja það. Við í sveitinni fáum ákveðið kikk út úr henni. Svo slær auðvitað fátt út Brekkusönginn og þegar blysin loka á sunnudagskvöldi. Þetta þykja mér skemmtilegustu atburðirnir en svo er það auðvitað allt þetta flotta fólk og andrúmsloftið sem ríkir sem stendur líka uppúr.

Pétur Steingrímsson

lögga í 26 ár

„Lífið er yndislegt á Þjóðhátíð“

Eru allir lögregluþjónarnir í Vestmannaeyjum á vakt á meðan á Þjóðhátíð stendur? Ætli við séum ekki u.þ.b. 20 lögreglumenn sem erum á vakt þessa helgi. Lögreglumenn ásamt gæslufólki, heilbrigðisstarfsmönnum og sálsgæslufólki telja um 120-130 manns. Svo að þetta er orðinn talsverður fjöldi sem sér um gæsluna þegar upp er staðið.

Eru þið eitthvað í því að bjóða fólki far á milli staða eða er það bara í boði þegar það er á leið í fangakleffann?

Nei, við erum nú mest lítið í því, við bendum fólki bara á bekkjarbilana sem allir eiga endilega að prófa. Það eru svo alltaf einhverjir sem lenda í því að vera ekið á lögreglustöðina þar sem þeir fá gistingu í fangageymslu. Klefarnir eru sex talsins og yfir Þjóðhátíðina kemur það fyrir að þeir séu fullsetnir. En ég get sagt með fullri vissu að um 99,9 prósent þeirra gesta sem koma á Þjóðhátíð eru alveg frábært fólk sem ekkert vesen er á. Lífið er yndislegt á Þjóðhátíð og það er það sem flestir hafa í huga.

Hefur ölvunarakstur verið til vandræða á Þjóðhátíð?

Alls ekki. Þeir sem koma með bílana sína með Herjólf til Eyja leggja þeim yfirleitt í bílastæði og geyma þá þar á meðan hátíðin stendur yfir. Mikið eftirlit er með öllum önnunum og margir stöðvaðir og athugað með ástand þeirra, látmir blása o.s.frv.

Eru einhverjir óeinkennisklæddir lögreglumenn á vappi um dalinn þegar gleðin stendur sem hæst?

Já, það eru aldeilis nokkrir. T.d. get ég nefnt fíkniefnalögregluna en þeir eru aldrei einkennisklæddir og fylgjast vel með.

Eru einhver sérstök skilaboð eða tilmæli sem þú vilt koma til gesta Þjóðhátíðar 2011?

Maður veit aldrei með veðrið, þess vegna hvet ég fólk til að mæta vel búði og þá skiptir veðrið minna máli. Þó það mæti hér í sól og blíðu þá geta orðið snögg veðrabrigði í Eyjum. Ég vil líka hvetja Þjóðhátíðargesti til að ganga hægt um gleðinnar dyr og passa sig og sína. Góð regla er að vera aldrei ein/n á ferð og að krakkar sem koma saman til Eyja fylgist vel með hvort öðru og haldi hópinn. Mikilvægt er að hafa góða skapið með í Dalinn því Þjóðhátíð á að vera gleðihátíð og ekkert annað.

Hvað elskar þú mest við Þjóðhátíð?

Tjaldastemningin í hvítu tjöldunum finnst mér frábær. Bæði með fjölskyldunni á daginn og á kvöldin og svo á nóttunni þegar gítarspilið byrjar. Mér hefur alltaf þótt gaman að syngja með Árna Johnsen vini mínum, en hann kemur oftast inn í tjald og tekur nokkur lög. Þessi sérstaka stemning í Dalnum er yfir höfuð bara frábær.



MINNIR GESTI Á AÐ GANGA
HÆGT UM GLEÐINNAR DYR

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson, Vestmannaeyjum.



25% afsláttur
af öllum vespum og aukahlutum
Örfá hjól eftir

Betra verð en á Ítalíu
Einstakt tækifæri

Ekta Vespa fæst
aðeins hjá Heklu!

Piaggio Vespa S 125, verð aðeins: ~~629.000 kr.~~ 471.750 kr.

Piaggio Vespa LX 125, verð aðeins: ~~599.000 kr.~~ 449.250 kr.

Piaggio Vespa LXV 125 - Afrælisútgáfa, verð: ~~689.000 kr.~~ 516.750 kr.

Vespa®

www.vespur.is

Sumarútsala

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



DC DOUBLE
C H E E S E



K Y N N I R



big ROYAL

150 GRAMMA HAMMARI MEÐ GRILLBRAGÐI!

Í AÐALHLUTVERKI

100% NAUTAKJÖT 150G TVÆR OSTSNÆÐAR ÍSLENSKAR GÚRKUR BUFFTÓMATUR
RAUÐ LAUKUR BRAKANDI FERSKT SALAT ROYAL HAMBORGARASÓSA RAUÐ PAPRIKA HAMMARA BRAUÐ

Gæsa húð, flatkökur og fljúgandi sófar

Þeir eru fáir sem hafa stigið jafn oft á svið í **Herjólfsdalnum** og **Magni Ásgeirsson** í hljómsveitinni **Á móti sól**. Samt er tónlistin ekki aðalatriðið á hátíðinni fyrir honum heldur finnst honum skemmtilegra að ganga um og finna stemninguna.

HRADASPURNINGAR

Herjólfur eða flug? Herjólfur.

Gista í tjaldi eða húsi? Húsi.

Brekkusöngur eða flugeldasýning? Bæði saman.

Gætir þú hugsað þér að verða arftaki Árna í

Brekkusöngnum þegar hann hættir? Nei, ég myndi ekki þora því.

Þjóðhátíð í Ryjum eða Bræðslan á Borgarfirði

eystri? Ég ætla vitaskuld að mæta á bæði.

Hvernig er stemningin hjá hljómsveitinni fyrir Þjóðhátíð í ár?

Við erum að sjálfsgöðu fullir tilhlökkunar þar sem við höfum ekkert spilað þarna síðan 2007 og þetta er klárlega einn af okkar uppáhaldsstöðum að spila á. Við höfum ekki séð nýja sviðið og erum spenntir að sjá það og nýju stemninguna. Gamla sviðið var farið að venjast ágætlega þar sem þetta er í sjöunda eða áttunda sinn sem við spilum þarna. Ég er síðan með þrjú Þjóðhátíðarlög undir beltinu þannig að við erum orðnir miklir Eyjapeyjar.

Nú eruð þið að spila á föstudagskvöldinu, er eitthvað annað sem þú ert spenntur fyrir á hátíðinni?

Ég hlakka aðallega til að koma til Eyja bara upp á „flínginn“. Ég er gamall í hettunni og það skiptir mig eiginlega engu

hverjir aðrir eru að spila því það eru alltaf einhverjir góðir. Það heillar mig meira að kíkja í hvítu tjöldin og fá mér smá kakó og Stroh.

Eru einhver sérstök atvik sem þér þykja eftirminnleg frá Þjóðhátíð?

Já, ég man ótrúlega margt svona miðað við Eyjar. Það má til dæmis nefna að einhvern tímann þegar við vorum að spila kom uppblásinn sófi fljúgandi upp á svið og í annað skipti fékk ég flatbrauð upp á svið. Sviðið er nú helvíti hátt og maður á ekki mögulega að geta komist upp á það, en allt í einu reis einhver maður upp úr mannhafinu með álbakka fullan af smurðum flatkökum með hangikjöti og gaf hljómsveitinni. Þetta er kannski frekar táknrænt fyrir stemninguna sem ríkir þarna.

Hver er hápunktur hátíðarinnar fyrir þér?

Það er klárlega þegar ég fæ að stíga á stokk með vini mínum honum Hreimi og syngja „Lífið er yndislegt“. Það er gjörsamlega ótrúlegt að syngja það strax á eftir Brekkusöng. Við þurfum í rauninni varla að syngja, maður bara telur í lagið og fær svo gæsa húð þegar allir syngja með.

Hvað annað er á döfnni hjá þér þessa dagana?

Ég er núna á Borgarfirði eystri að undirbúa Bræðsluna sem er haldin núna um helgina (viku fyrir Verslunarmannahelgi). Við erum á fullu að smíða sviðið og láta eins og brjálæðingar. Síðan eftir Þjóðhátíð þá róast aðeins yfir. Seinna í sumar erum við svo að spila hér og þar um landið ásamt því að það kemur út geisladiskur úr söngleiknum Hárinu þar sem ég syng nú eitthvað.

Hápunktur sumarsins

HRADASPURNINGAR

KFC Selfoss eða Pizza 67

Vestmannaeyjum? Pizza 67.

Bahamaeyjar eða Vestmannaeyjar?

Það eru Bahamaeyjar.

Af hverju var Árni Johnsen ekki

á Gestalistanum? Því hann hefði

ábyggilega lamið mig.

Sérðu fyrir þér að einn daginn gætir

þú tekið við Brekkusöngnum af

Árna? Já, ég er ekkert smeykur við

það, þetta er ekki flókið. Hann spilar

bara þrjú grip og fer létt með þetta.

Ingó úr Veðurguðunum kom fyrst fram á Þjóðhátíð til að hlaupa í skarðið fyrir Magna. Nú er hann hinsvegar eitt af aðalatriðum Þjóðhátíðardagskránnar og fer ekki leynt með aðdáun sína á hátíðinni.

Segjum sem svo að það labbi upp að þér ókunnu maður og segi: „Þjóðhátíð“. Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug?

Það er klárlega bekkjabíllinn á leiðinni í Dalinn með öllum Þjóðhátíðarlögnum.

Hvað hefur þú farið oft á Þjóðhátíð?

Þetta er fjórða Þjóðhátíðin þar sem ég treð upp. Í fyrsta sinn sem ég spilaði var ég með Á móti sól þar Magni var úti í Bandaríkjunum að keppa í Rockstar Supernova og svo næstu tvö skipti spilaði ég með Veðurguðunum. Það liggur við að ég hafi farið sem gestur samfleytt síðan ég var 16 eða 17 ára en fyrir utan þessi fjögur skipti hef ég bara farið sem venjulegur gestur.

Tókstu þá gítarinn með?

Já, eða fékk lánaða gítara í einhverjum tjöldum og glamraði eitthvað. Þá var maður þó aðallega bara að spila í fjölskyldutjaldinu.

Lumar þú ekki á einhverjum skemmtilegum Þjóðhátíðarsögum?

Ég hef lent í ýmsu skemmtilegu en þær sögur eru þó misbirtingarhæfar. Það má svo sem nefna þegar félagarnir ákváðu að mæta í einhverjum búningum með símanúmerum á bakinu. Það gekk þó ekki betur en svo að það hringdi enginn í þá.

Einhversstaðar stendur að Veðurguðirnir hafi upphaflega verið stofnaðir sem SSSól „cover band“. Væri ekki draumur að fá að troða upp með Helga Björns í Dalnum?

Þetta er að vísu ekki alveg rétt en við spiluum þó nokkuð mörg lög með SSSól þegar við vorum yngri og einnig með Bjögga Halldórs. En það væri auðvitað mjög gaman að spila undir hjá Helga, hann hefur komið áður og sungið með okkur.

Hver er þín besta minning frá Þjóðhátíð hingað til?

Það var sennilega þegar ég var að spila með Á móti sól þegar Magni var í Rockstar og fékk að byrja spila „Lífið er yndislegt“ á gítarinn og allir í Brekkunni sungu með. Þá fékk ég smá flóring í magann.

Hvað tekur svo við eftir Þjóðhátíð?

Það er bara þetta sama gamla, spila hér og þar. Síðan fer maður bara að bíða eftir næstu Þjóðhátíð.

Myndir þú segja að Þjóðhátíð væri hápunktur sumarsins?

Já klárlega, fyrir íslenska tónlistarmenn er þetta langskemmtilegasti staðurinn sem hægt er að spila á og eina skiptið á árinu þar sem manni líður eins og alvöru rokkstjörnu.

www.opticalstudio.is



Ray-Ban[®] ...ný sending

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



BRENNAN Á FJÓSAKLETTI

EKKERT MÁL FYRIR JÓN PÁL!
JÓN PÁLL SKEMTIR ÁRIÐ 1988TODMOBILE STÍGUR
Á STOKK 2006JÓNSI Í SVÖRTUM FÖTUM
TEKUR YMCA ALLA LEIÐFLOTTIR PEYJAR. DADI OG
HALLI BREGÐA SÉR Í BÚNINGA

Stemningin

Eina leiðin til að upplifa hina einstöku **Þjóðhátíðarstemningu** er að sjálfsögðu að leggja land undir fót og mæta í **Dalinn**. Myndir segja hins vegar meira en þúsund orð.

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson og Kristinn Pálsson, Vestmannaeyjum.

FJÖRIÐ Í BREKKUNNI VAR
EKKI MINNA FYRIR 20 ÁRUM

Vertu með YouTube síðu Símans á hreinu

YouTube /siminnisland

Meira Ísland
Vestmannaeyjar

Síminn er styrktaradili Þjóðhátíðar 2011

Skannaðu kóðann og skoðaðu magnað vídeó með Villa á ferð um Vestmannaeyjar

siminn.is



PRÚÐBÚNAR PÆJUR



HALLI OG LADDI SKEMMTA Á SVIÐINU ÁRÍÐ 1988 SEM ÞÁ VAR MUN LÆGRA EN NÚ ER



SÆTAR Í HENSON



„ELVIS PRESLEY“
KOM FRAM ÁRÍÐ 1981

fest á filmu



HAMINGJAN ALLSRÁÐANDI UNDIR
BLEIKUM BLYSHRINGNUM Í DALNUM



FLOTTIR OFURPEYJAR



FLOTTIR FLUGELDAR
AÐ VENJU ÁRÍÐ 2009

KRONAN fyrst og fremst ódýr

**OPIÐ ALLA
VERSLUNARMANNA-
HELGINA!**



Föstudag kl. 10-21
Laugard.- mánud. kl. 11-18
- komdu og gerðu
frábær kaup!

KRONAN Vestmannaeyjum • www.kronan.is

Ef það rignir**REGNJAKKI, STÍGVÉL,
VETTLINGAR OG
EYRNABAND**

Það verður sennilega allra veðra von úti í Eyjum þannig að ég tel það algert „móst“ að taka regnfötin með í Dalinn.

**FÖÐURLAND**

Föðurlandið og góðir ullarsokkar eru lykilatriði fyrir mig þar sem ég er hrikaleg kuldaskræfa.

Tekur sumardress með upp á bjartsýnina

„Ég mun byrja á því að pakka niður hlýju fótunum,“ segir **Svandís Gunnarsdóttir** um hvernig hún ætlar að pakka niður fyrir sína fyrstu ferð á **Þjóðhátíð í Eyjum**.

Svandís Gunnarsdóttir útskrifaðist úr menntaskóla í vor og vannur í Spúútník og á leikskóla í sumar. Þess má geta að við útskriftarathöfnina klæddist hún kjól sem hún hannaði og saumaði sjálf. „Ég er að fara í Tækniskólann í haust á hönnunarbraut þar sem ég mun læra kjólasaum. Ég byrjaði sjálf eitthvað að fíkta mig áfram í hönnun fyrir tveimur, þremur árum og þá fann ég að þetta var það sem mig langaði til að gera,“ segir Svandís. „Ætli það megji ekki segja að fatahönnun sé mitt aðaláhugamál. Fyrir utan einhverja kjóla á sjálfa mig hef ég aðallega verið að hanna slár og hef aðeins verið að selja vinum, ættingjum og einhverjum utanaðkomandi þær“. Stíllinn spurði Svandís út í þælingar hennar í fatahönnun og Þjóðhátíð í Eyjum.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?

Slaufur koma alltaf við sögu.

Hver er uppáhalds hönnuðurinn þinn?

Mér finnst það sem hún hjá Royal Extreme er að gera ótrúlega flott og sömuleiðis Sonja Bent. Svo finnst mér nýja línan hjá Kron by Kronkron mjög flott.

Hvað áttu mörg skópör?

Ætli þau séu ekki svona tuttugu til þrjátíu. Mér finnst rosalega gaman að endurnýja í skómálunum þó að ég hafi verið frekar dugleg að nýta mína eldri skó að undanförmu.

Hvað áttu mörg sólgleraugu?

Ég á bara þrenn sólgleraugu en ég nota þau nú frekar mikið.

Hvað langar þig að gera innan fatahönnunarbransans?

Það er náttúrulega draumurinn að framleiða eigin hönnun og geta opnað verslun með henni. Eftir

Tækniskólann langar mig í listaháskóla og læra fatahönnun, helst erlendis. Það væri frábært að fara til Stokkhólms eða Barcelona.

Á hvað munt þú leggja áherslu þegar þú pakkar niður fyrir Þjóðhátíð?

Ég mun byrja á því að pakka niður hlýju fótunum og svo kannski hefur maður með að minnsta kosti eitt sumardress svona upp á bjartsýnina.

Hverju ertu spenntust fyrir í sambandi við Þjóðhátíð?

Ég hef nú aldrei farið á Þjóðhátíð áður svo ætli það sé ekki bara það að upplifa hana. Ég er að fara með tíu frábærum stelpum þannig ég get ekki búist við öðru en mikilli skemmtun.

Ef það verður bongóblíða**HATTURINN, BOLUR,
STUTTBUXUR OG
CONVERSE-SKÓ**

Ég ætla að taka með mér eitt sumardress upp á bjartsýnina. Þetta er kannski svolítið eins og maður myndi klæða sig á útihátíð í Evrópu, maður verður nú að halda í vonina.

**SÓLGLERAUGU**

Það skemmir ekki fyrir að hafa sólgleraugu með í för, sérstaklega ef maður vill ná sólarupprásinni eftir stuðnótt í Dalnum.

Upp á stemninguna**HÚFA**

Þessa húfu fékk ég í afmælisgjöf frá vini mínum og ég lofaði honum að hún færi með til Eyja.


BRÚSI

Þessi brúsi kemur að góðum notum fyrir heita kakóið jafnt sem ölið.



SVANDÍS Í SLÁ SEM HÚN HANNAÐI OG SAUMAÐI SJÁLF



A close-up, low-angle shot of a man with dark hair and a light beard drinking from a clear plastic bottle of Floridaana juice. The man is looking down at the bottle. The background is a bright blue sky with green trees. The bottle has a colorful label with fruit illustrations and the text 'Florida HEILSUSAFI' and '100% SAFI'.

Flóridana
LIFÐU VEL!

Florida
HEILSUSAFI

100% SAFI

Dagskrá Þjóðhátíðar 2011

Allir sem hafa heyrt minnst á Þjóðhátíð í Eyjum vita að þar er ávallt nóg um að vera og dagskráin í ár er stútfull af stuði jafnt fyrir yngri kynslóðina og þá lengri komna.

föstudagu 29 júlí

14:30 SETNING ÞJÓÐHÁTÍÐAR

- Þjóðhátíðin sett: Jóhann Pétursson
- Hátíðarræða: Baldvin Kristjánsson
- Hugvekja: Séra Kristján Björnsson
- Kór Landakirkju
- Lúðrasveit Vestmannaeyja

15:00 BARNADAGSKRÁ Á TJARNARSVIÐI

- Frjálsar íþróttir, Ungmennafélagið Óðinn
- Fimleikafélagið Rán
- Brúðubíllinn
- Barnaskemmtun: Páll Óskar

20:30 KVÖLDVAKA

20:30 EL CAMINO

20:45 KOLFINNA MIST AUSTFJÖRÐ

21:00 ARI ELDJÁRN

21:15 BJARTMAR OG BERGRISARNIR

21:45 PÁLL ÓSKAR, FRUMFLUTNINGUR ÞJÓÐHÁTÍÐARLAGS

22:10 MINNINGARTÓNLEIKAR ODDGEIRS KRISTJÁNSSONAR

23:10 MANNAKORN

00:00 BRENNA Á FJÓSAKLETTI

00:15 DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

- Brekkusvið: Páll Óskar, Friðrik Dór og BlazRoca – Á móti sól
- Tjarnarsvið: Tríkot og Dans á rósum

laugardag 30 júlí

10:00 LÉTT LÖG Í DALNUM

14:30 BARNADAGSKRÁ Á BREKKU- OG TJARNARSVIÐI

- Brúðubíllinn
- Söngvakeppni barna, Dans á rósum
- Eldfærin - Góí
- Barnaball heldur áfram

20:30 TÓNLEIKAR Á BREKKUSVIÐI

20:30 HVANNDALSBRÆÐUR

21:00 JÓN JÓNSSON

21:30 FJALLABRÆÐUR

22:00 INGÓ ÚR VEÐURGUÐUNUM

22:40 DÚNDURFRÉTTIR ÁSAMT EIRÍKI HAUSSYNI

00:00 FLUGELDASÝNING

00:15 DIKTA

01:30 DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

- Brekkusvið: Steindi Jr., Hvanndalsbræður og Buff
- Tjarnarsvið: Tríkot, Dans á rósum

sunnudag 31 júlí

10:00 LÉTT LÖG Í DALNUM

14:30 BARNADAGSKRÁ Á BREKKU- OG TJARNARSVIÐI

- Þröstur, Leó og Góí
- Sveppi
- Söngvakeppni barna, Dans á rósum

20:30 DANS Á RÓSUM

20:50 SIGURVEGARAR ÚR SÖNGVAKEPPNI BARNNA

21:00 MAMMAMIA

21:15 BUFF ÁSAMT RAGNHILDI GÍSLA, AGLI ÓLAFS OG ANDREU GYLFA

22:20 BUBBI MORTHENS

23:00 BREKKUSÖNGUR - ÁRNI JOHNSEN

00:00 DANSLEIKIR Á BÁÐUM PÖLLUM

- Brekkusvið: Agent Fresco, Buff og Páll Óskar
- Tjarnarsvið: Dans á rósum, Tríkot.

Þjóðhátíðarnefnd áskilur sér rétt til breytinga á dagskrá.

Vertu með dagskrá
Þjóðhátíðar í Eyjum
í símanum þínum



til að sækja

Síminn



reposisi

Maf

ENERGAM / SIA / NMBR41

Nú stýttist í Þjóðhátíð í Eyjum!

Skannaðu hérna
Birtu á símanum
Til að sækja

Vertu með Foursquare í símanum á Þjóðhátíð í Eyjum 2011

Síminn

SENDU OKKUR SKEMMTILEGA EYJA-SÖGU

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Stelpur og strákar!

Loksins er komin lausn sem skilar árangri í baráttunni gegn bólunum

60 DAGA SKILARETTUR

Í Proactiv® Solution, þriggja þrepa bólu- og húðhreinisefninu, eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efni í veg fyrir að nýjar bólur nái að myndast og halda húð þinni hreinni og frískri.

Vegna þess hve örugg við erum um að Proactiv® Solution sé rétta bólu- og húðhreinisefnið fyrir þig bjóðum við þér að prófa það án áhættu og með skilaretti í allt að 60 daga. Þannig sannfærst þú um virkni Proactiv® Solution.

Við bjóðum þér að prófa Proactiv® Solution og erum fullviss um að þú náir sama árangri og milljónir ánægðir notendur um allan heim.

Ef þú nærð ekki árangri, þá færðu endurgreitt. Við lofum því.

Kynntu þér Proactiv® Solution nánar á heilsubudin.is án áhættu!

Roald & Fields
proactiv SOLUTION

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LVFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115
LVFJAVER - Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11

LOKAPRÓFIÐ

| 21. júlí 2011 |

MONITOR skólinn

Ég heiti ARNI JOHNSEN Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Þú veist hver ég er af því að Arní Johnsen

Á Þjóðhátíð finnst mér best að gista

a) í kúlutjaldi
b) í hvítu tjöldunum
X c) heima hjá mér
d) í tjaldvagni
Af því að _____

Það sem þarf að passa upp á þegar maður er á Þjóðhátíð er

X a) að vera alltaf í góðu skapi
b) að detta ekki í tjörnina
c) að vera í góðum túttum
d) að vera alltaf með armband í sér til að komast auðveldlega inn og út af svæðinu

Uppáhaldsþjóðhátíðarlagið mitt er

a) Lífíð er yndislegt eftir Hreim Heimisson
b) Bros þitt eftir sjálfan mig og Þorgeir Guðmundsson
c) Eyjan græna eftir Bubba Morthens
d) Setjumst að sumbli eftir Árna úr Eyjum og Oddgeir Kristjánsson
e) Síðast dans eftir Kristinn Sveinsson og mig

Ég hef farið ótal sinnum á Þjóðhátíð, stjórnað brekkusöngnum 34 sinnum og samið 6 Þjóðhátíðartexta og lög.

Það besta við Þjóðhátíð er

X a) vináttan
b) brekkusöngurinn
c) brennan
d) flugeldasýningin
e) _____
Vegna þess að _____

ÍBV stendur fyrir

a) í brjáláðri vitleysu
X b) í þróttabandalag Vestmannaeyja
c) í bullandi veseni
d) í myndað bardagafélag Vesturlands
e) _____

Í kvikmynd um ari mína myndi ég vilja fá RAX

til að leika mig en líklega yrði það samt vonlaust því hann getur aldrei verið Kyrr.

Gripið sem ég spila oftast á gítarinn minn er

a) C-dúr
b) A-moll
X c) G-dúr
d) D-moll
e) _____

Það sem fáir vita um mig er hvað ég er skipstjóri út í ystir osk.

Ef ég væri ekki Árni Johnsen myndi ég vilja vera

a) Árni Magnússon, handritasafnari
X b) Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar
c) Árni Tryggvason, leikari
d) Árni Matthíasson, blaðamaður Morgunblaðsins
e) Árni Mathiesen, dýralæknir
Af því að viðskiptum sömu gerlas.

Uppáhaldsþróttafélagið mitt er

X a) ÍBV
b) Týr
c) Þór
d) _____

Síðasta sms sem ég fékk var frá Gleisi er tilbúin og í því stóð hjá Ísland

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa BRÓSIÐ

Síðast en ekki síst

» Ellen Kristjánsdóttir, söngkona, fílar:

Kvikmynd: Síðasti bærinn í dalnum er svona minnststæðasta myndin. Hún var sýnd í Tjarnarbíói og afi vinkonu minnar átti bíóið svo ég fór aftur og aftur á þessa mynd þegar ég var svona 9 ára.

Þáttur: The Big C. Öðruvísi skemmtilegir þættir, fyndnir og sorglegir. Leikkonan Laura Linney er alveg frábær.

Bók: Það er eiginlega Ditta Mannsbarn eftir Martin Andersen Nexø, hún er um hrikalega harða lífsbaráttu fólks... ég las hana sem unglíngur og hún hafði djúp áhrif á mig.

Plata: Galdur með Piknikk (Sigríður Eyþórsdóttir og Þorsteinn Einarsson). Var nýlega á tónleikum með þeim og nú er platan þeirra í upphaldi hjá mér aftur.

Vefsíða: Eyjan.is er oftast fyrsti viðkomustaðurinn á netinu, þar fæst gott yfirlit yfir helstu málefni líðandi stundar.

Staður: Akur á Mýrum í Borgarfirðinum. Þar er ótrúlega falleg hvít strönd. Ég var í sveit þar sem barn og fer þangað stundum í leit að hörpuðiskum og innblæstri.

eyjan:





WRIGLEY'S
Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

© 2011 SÍMINN

Meira Ísland



Vestmannaeyjar

Fylgstu með Villa í Eyjum á YouTube

YouTube /siminnisland



Skannaðu kóðann og skoðaðu magnað videó með Villa á ferð um Vestmannaeyjar

Síminn



siminn.is